Kópavogsbær

Ársskýrsla Waldorfleikskólans Yls

Lækjarbotnum

2022

Efnisyfirlit - Skólastarf

1 Inngangur

2 Um leikskólann
- 2.1 Leikskólinn, húsnæði, lóð og rými

3 Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

4 Heimsmarkmið

5 Lýðræði og jafnrétti

6 Námskrá - stefna - uppeldislegar áherslur

7 Skólastarfið - aðalnámskrá leikskóla - námssvið leikskóla
- 7.1 Heilbrigði og vellíðan
- 7.2 Sköpun og menning
- 7.3 Sjálfbærni og vísindi
- 7.4 Læsi og samskipti

8 Dagskipulag

9 Menningarviðburðir

10 Kynning á leikskólanum

11 Foreldrasamstarf
- 11.1 Stefna og áherslur
- 11.2 Foreldraráð
- 11.3 Fræðsla og upplýsingar til forráðamanna
- 11.4 Þátttaka forráðamanna í leikskólastarfi
- 11.5 Foreldrafélag

12 Starfsmenn
- 12.1 Starfsmannastefna
- 12.2 Áherslur í samstarfi
- 12.3 Samsetning starfsmannahópsins

13 Samstarf við grunnskóla

14 Samstarf við aðra

15 Mat og matsaðferðir
- 15.1 Börn
- 15.2 Sérkennsla
- 15.3 Starfsfólk
- 15.4 Forráðamenn

16 Öryggismál

17 Öryggisnefnd

18 Áfallaráð

1 Inngangur

Í Waldorfskólanum Lækjarbotnum er unnið eftir mannspekistefnu Rudolf Steiners sem í daglegu tali kallast Waldorfuppedisfræði. Rudolf Steiner líkti þroska manneskjunnar við vöxt jurtanna og segir: Lífið í heild sinni líkist jurt, sem býr ekki einvörðungu yfir því sem augað nemur, heldur geymir einnig í leyndum djúpum sína eigin framtíð. Hér líkir Steiner starfi uppalandans við starf garðyrkjumannsins sem undirbýr jarðveginn, hlúir að plöntunni og sérkennum hennar svo hún beri ríkulegan ávöxt. Þessi líkingarmynd er lýsandi fyrir það hvernig waldorfleikskólakennaranum ber að vinna. Hann er meðvitaður um hve þýðingarmiklu hlutverki hann hefur að gegna í þroska barnsins, sem hinnar verðandi fullorðnu manneskju. Öll vinna sem fram fer með börnunum í leikskólanum, grundvallast út frá þeirri heildarsýn að hver athöfn er hluti af stærri heild. Markmið uppeldisfræðinnar er að börnin verði örugg með sig og sína hæfileika, þau standi vel inni í sér og þroskist til að verða ábyrgir og siðferðislega sterkir einstaklingar. Eða eins og Steiner segir sjálfur: "Okkar æðsta takmark hlýtur að vera að hjálpa manneskjum að verða frjálsar og þær geti af eigin rammleik gætt líf sitt innihaldi og stefnu. Þörfin fyrir ímyndunarafl, sannleiksást og ábyrgðartilfinning - þessi þrjú öfl eru innsti kjarni menntunar".

2 Um leikskólann Yl

2.1 Leikskólinn, húsnæði, lóð og rými

Waldorfleikskólinn Ylur er staðsettur í Seldal í Lækjarbotnum. Húsnæði leikskólans er 139,5 fm og þar af er 80 fm leiksvæði. Lóðin sem starfsemin hefur til afnota er u.þ.b. 10 hektarar. Leikskólinn deilir eldhúsi og útisvæði með Waldorfskólanum í Lækjarbotnum og hefur einnig aðgang að ýmsri annarri aðstöðu til dæmis tálgunar- og viðarvinnukofa, skemmu, sal og fundaraðstöðu. Leikskólinn hefur örlítið geymslusvæði til afnota í skemmunni.

Stofurnar á Yl eru tvær. Tvær stórar hurðir eru á milli stofanna svo hægt er að hafa eitt stórt leikrými þegar það hentar. Einnig hefur leikskólinn yfir að ráða litlu kaffieldhúsi sem einnig er fundaraðstaða kennara, skrifstofa og geymsla. Þar inni er starfsfólkið með vinnuborð, hillur undir hitt og þetta, ísskáp, helluborð, uppþvottavél og þvottavél. Hægt er að fara út úr litla eldhúsinu út í litla garðinn okkar. Fataklefi þar sem útiföt barnanna eru geymd er í anddyri hússins og annað fatahólf á gangi fyrir rútufötin, fötin sem börnin koma í og fara í heim með rútunni. Tvö klósett eru fyrir börnin á einu stóru salerni. Í samskonar rými við hliðina á salerninu er starfsmannasalerni, skiptiborðsaðstaða og þrifkompa.

Leiksvæði Yls
Beint fyrir utan litla kaffieldhúsið í leikskólanum er lítill afgirtur garður fyrir yngri börnin með sandkassa, litlu leiktæki og bekkjum sem við borðum síðdegisbita við í góðum veðrum. Stærra leiksvæðið okkar hefur sandsvæði, útieldhús fyrir leik, rólur, rennibraut, drumba til að klifra á, lítinn leikkofa með borði og drumbum til að sitja á fyrir utan. Fyrir utan náttúruna sem er jú allt um kring og stanslaus uppspretta hins frjálsa leiks.

3 Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

Barnasáttmálinn felur í sér alþjóðlega viðurkenningu á að börn heimsins þarfnist sérstakrar verndar umfram hina fullorðnu og að börn séu sjálfstæðir einstaklingar með fullgild réttindi óháð réttindum fullorðinna. Öllum þeim sem koma að málefnum barna ber að gera það sem í þeirra valdi stendur til að framfylgja samningnum.

Við á Yl áttum okkur vel á að börn þurfa sérstaka vernd og umönnun umfram þá sem fullorðnir eru og sinnum við því hlutverki eftir fremsta megni. Uppeldisfræðin okkar gengur út að að virða hvert einasta, einstaka barn og að mæta því eins og það er.
Sjá **6 Námskrá - stefna - uppeldislegar áherslur**

4 Heimsmarkmið

Til að börn geti vaxið upp sem sjálfstæðir, skapandi og siðferðislega sterkir einstaklingar þurfa þau að njóta barnæsku sinnar við vernd hinna fullorðnu á fyrstu árum lífs síns. Verkefni framtíðarþjóðfélagsþegna eru stór og mikil. Eru heimsmarkmið Sameinuðu þóðanna stór, góð og krefjandi. Til að getið tekist á við þau, og önnur verkefni framtíðarinnar, þurfa börn nútímans að fá að leika sér í algleymi og áhyggjuleysi með sterkar fyrirmyndir í lífi sínu. Að læra á heiminn í gegnum skynfærin, í gegnum samskipti, góðar venjur og í nánu samneyti við náttúruna gefur börnum styrk og það áhyggjuleysi sem ætti að einkenna barnæskuna. Eru það, og verða, áherslur Waldorfuppeldisfræðinnar að standa vörð um þau gildi. Nánar má lesa um Yl og sjálfbærni hér fyrir neðan (Sjá **7.3 Sjálfbærni og vísindi**).

5 Lýðræði og jafnrétti

Lýðræði og jafnrétti skal ríkja á Yl og leggjum við á það mikla áherslu. Börnunum er, á faglegan hátt, hjálpað til að skilja hvert annað. Þegar barn lendir í útistöðum við annað barn, t.d. vegna leikfangs sem það vill fá, er mikilvægt að starfsfólk sé til staðar til að fylgjast með þróuninni og grípa inn í. En þó einungis ef þarf. Börnin hafa jafnan rétt til leikfangsins en þurfa líka að læra að bíða, eða læra að ekki er hægt að grípa leikfang á meðan sá sem er með það lítur undan eitt augnablik eða læra að einoka ekki hlutina heldur eftir einhvern tíma láta annan fá leikfangið. Ef starfsmaður leikskóla kann að aðstoða börnin við þetta eru þau fljót að læra leikreglurnar og upplifa jafnrétti og lýðræði. Til að barnið læri að bera ábyrgð á sjálfu sér og geti sýnt umburðarlyndi er mikilvægi góðra fyrirmynda óumdeilanlegt. Þess vegna leggja waldorfleikskólakennarar á það mikla áherslu að skoða stöðugt eigin hæfni til að laða þetta fram í börnunum. Sjá frekar **6 Námskrá - stefna - uppeldislegar áherslur.**

Afar mikilvægt er fyrir okkur á Yl að barnið upplifi að á það sé hlustað. Leitumst við alltaf við að nota virka hlustun og sjá hvert einasta barn á hverjum degi og oft á dag.

Hvað það varðar að börnin fái tækifæri til að hafa áhrif á starfið þá fá þau það í miklum mæli. Í gegnum frjálsa leikinn eru þeim fá takmörk sett. Einungis ímyndunaraflið, dagsformið og sannfæring starfsfólks um að þeim beri ekki að fara sjálfum sér, eða öðrum, að voða setur þeim viss mörk. Allt annað hjálpum við þeim að færa út í lífið. Geimskip eru byggð, rútubílar, kaffihús o.fl. o.fl. líta dagsins ljós í leikskólanum og eru öll leikföng, teppi, skinn, klemmur, húsgögn og annað efniviðurinn fyrir leikinn.

Öllum öðrum óskum barnanna er reynt að mæta eftir megni. Þó fá þau ekki að tálga fyrr en fimm ára t.d. og öðru geta þau þurft að bíða eftir. Því maður fær meira eftir því sem maður stækkar og það er svo dásamleg þessi tilhlökkun!

Í anda hinnar góðu fyrirmyndar leggjum við áherslu á það að þessi vinnustaður og starfsfólkið sjálft tileinki sér markmið jafnréttismenntunar. Að hvoru tveggja vinnustaðurinn og starfsfólk hans skapi sér sín tækifæri til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýni og jafnréttis.

6 Námskrá - stefna - uppeldislegar áherslur

Allt innra starf leikskólans tekur mið af og mótast af því að mæta hverju barni þar sem það er statt og styrkja og virða einstaklingseðli hvers og eins. Leikskólakennarinn skapar barninu hlýlegt og kærleiksríkt umhverfi sem býður uppá skapandi og sjálfssprottinn leik með aðgang að leikföngum úr náttúrulegum efniviði. Einnig á öll framkoma kennarana og það umhverfi sem þeir skapa að veita börnum innblástur í leik og starfi. Hann þarf að vera þeim fyrirmynd sem hvetur þau til leiks og vilja til þess að vaxa í öllu sem hann tekur sér fyrir hendur.

Grundvallarmarkmið Waldorfleikskólans Yls eru:

- Að börnin fái tækifæri til að nota skynfæri sín í kringum góðan, náttúrulegan og hreinan efnivið auk náttúruupplifana
- Að veita börnunum gott félagslegt og siðferðislegt uppeldi
- Að efla líkur á að börnin verði skapandi í leik og starfi með því að vera sjálf góðar fyrirmyndir í tali, í framkvæmd, með nærveru, við verkefnaval og með góðar leiðbeiningar til foreldra og samvinnu við þá

Hornsteinar Waldorfleikskólans Yls eru:

- Hinn frjálsi leikur
- Fyrirmynd-eftirherma
- Hrynjandi
- Ævintýri, söngur og leikir
- Skynjun

Leikurinn

Hinn sjálfsprottni leikur

Hinn sjálfsprottni leikur er þungamiðja starfsins í leikskólanum. Það mætti segja að frjáls leikur barna á aldrinum þriggja ára til fimm ára sé töfraheimur. Hann er öðruvísi en allt annað sem að þau eiga eftir að taka sér fyrir hendur á öðrum skeiðum lífsins. Þörf þeirra til þess að leika er svo sterk að líkja má við nauðsyn þess borða og sofa. Hún stjórnast af sterkum vilja og einskærri gleði, það skiptir engu máli hvort í honum sé upphaf eða endir. Í hinum sjálfssprotna leik eru það börnin sem stjórna, galdra fram heim þar sem þau kanna sín mörk og annarra. Þau máta sig við

hetjur og skúrka, sjómenn, lækna, og kaffihúsastarfsfólk. Þau skipta um hlutverk og ham eftir því sem hentar leiknum hverju sinni. Hér eru sundlaugar, pósthús, leikhús og rennibrautir byggðar. Börnin fá útrás fyrir því sem þau sjá í umhverfi sínu, alla söngva og ævintýri sem þau heyra og í raun allt sem þau skynja og upplifa í tilveru sinni. Þörfin sprettur að innan til þess að túlka og tjá áhrif þessa ytra heims. Þetta er nauðsynlegt flæði til þess að börnin nái að vinna úr þeim áhrifum sem þau verða fyrir og til að þroskast sem manneskjur.
Börn tengjast einnig í þessum leik heimi sem við náum annars aðeins að tengjast í draumunum okkar. Rudolf Steiner varar við því að skipta leiknum alfarið út fyrir stundir þar sem hinn fullorðni stýrir eða blandar sér inn í. Aðalhlutverk kennarans á meðan leikurinn stendur yfir er að ýta undir að leikurinn geti haldið áfram, aðstoða með það sem börnin ekki geta, hjálpa ef upp kemur ágreiningur og sjá til þess að börnin séu örugg. Okkur ber að gefa þeim nægilega mikinn tíma til þess að þau nái að kafa djúpt inn í leikinn. Einnig þarf waldorfleikskólakennarinn að sjá til þess að umhverfið sé við hæfi, ýti undir fjölbreytileika og gott flæði í leiknum.

Í leiknum þróa börnin með sér eiginleika og færni sem eiga eftir að nýtast þeim á öllum seinni lífsskeiðum og segja má að sjálfsprottni leikurinn sé nauðsynlegur hluti sköpunar í lífi barnanna. Ekki er hægt að deila um þörfina á því að einstaklingar framtíðarinnar séu skapandi og hugsandi verur sem kunna að hugsa út fyrir kassann og leysa þau fjölmörgu mál sem bíða þeirra. Hinn frjálsi leikur er grunnurinn að líkamlegri og andlegri heilsu barna. Hann er ein þeirra dýmætasta eign, gjöf sem er þeim nauðsynleg til þess að vaxa, dafna og þroskast

Fyrirmynd og eftirherma
Waldorfleikskólakennarinn

Barnið hefur, undir eðlilegum kringumstæðum, frá fæðingu og fram að sjö ára aldri fullkomið traust til umheimsins. Allt sem það skynjar og upplifir tekur það til sín og breytir í eiginleika og þekkingu. Hin fullorðna manneskja hefur þess vegna þýðingarmiklu hlutverki að gegna sem fyrirmynd í lífi barnsins. Framkoma waldorfleikskólakennarans sem fyrirmynd gegnir sérstaklega mikilvægu hlutverki. Þarf hann að vera meðvitaður um að gjörðir hans skipta miklu máli fyrir börn á leikskólaaldri og því hvernig einstaklingur þau munu verða á fullorðinsárum. Kennarinn veitir börnunum innblástur inn í leikinn meðal annars með með einföldum heimilsverkum eins og að ganga frá þvotti, með viðhaldi/viðgerð á húsbúnaði og leikföngum, vinnu úti, t.d. í marjurtargarðinum, handverki svo sem prjónaskap, matargerð og almennum þrifum. Þegar börnin eru í kringum vinnandi fullorðna og finna fyrir starfsgleði þeirra og sjá árangur á þeirri vinnu veitir það þeim hollt veganesti inn í framtíðina. Það eykur vilja þeirra til þess að vaxa og vera virkir einstaklingar í sínu eigin lífi og samfélaginu. En ekki síst skapar vinna hinna fullorðnu börnunum efnivið í leikinn sinn. Á meðan hinir fullorðnu vinna (oftast er það einn af kennurunum sem hefur þetta hlutverk í frjálsa leiknum á meðan hinir sinna börnunum) leika börnin eða hjálpa til við vinnuna. Sama hvort barnið velur þá er barnið skapandi og í flæði. Waldorfleikskólakennarinn þarf líka að vera góð fyrirmynd þegar kemur að ágreiningi á milli barnanna. Hann þarf að hjálpa þeim og kenna þeim að leysa úr ágreiningi. Hann hlustar á báða aðila, kemur með hugmyndir og hvetur börnin til að leysa málin sjálf. Ef það tekst ekki tekur hann ákvörðun sem fullorðinn einstaklingur og leysir málin fyrir þau. Þetta gerir hann alltaf rólega og með yfirvegun. Hann hvetur börnin alltaf til að tala rólega og láta sig vita þegar þau ekki geta leyst málin sjálf. Starfið í leikskólanum krefst þess að waldorfleikskólakennarinn sé sveigjanlegur og skapandi í starfi og að hann hlúi að hverju barni af ástúð og kærleika, virði einstaklingseðli þess, styðji við, skilji og hvetji hvert barn út frá þörfum þess, alltaf frá hjartanu.

Hrynjandinn

Dags,-viku- og árshrynjandi,

Mikil áhersla er lögð á fastan dags-, viku- og árshrynjanda í uppeldisfræðinni. Hrynjandinn skapar þann stöðugleika sem er hverju barni nauðsynlegur til að það upplifi sig öruggt í umhverfi sínu. Hver dagur hefur sama hrynjanda, þar skiptast á stundir sem leikskólakennarinn stjórnar annars vegar og þar sem börnin eru í frjálsum leik hins vegar. Vikuhrynjandinn byggir á að hver dagur eigi sitt verkefni. T.d. er alltaf málað á sama vikudeginum, bakað sama vikudaginn o.s.frv. Árshrynjandinn birtist svo í hinum árstíðabundnu hátíðum. Hverja hátíð þarf að undirbúa vandlega og byggja upp eftirvæntingu fyrir því sem framundan er. Allt innra starf leikskólans byggir á og mótast af árstíðunum, hvaða söngvar eru sungnir, hvaða ævintýri eru sögð og hvaða verk liggja fyrir innandyra sem utan. Svo barnið komist í ró, sem er skilyrði fyrir leiknum, þarf það að finna sig öruggt gagnvart hinum fullorðnu, hinum börnunum, umhverfinu og því sem á sér stað í návist þess. Mikil áhersla er lögð á stöðugleika og endurtekningu, börnin mæta öll á sama tíma á degi hverjum og ljúka deginum á sama tíma. Endurtekningin vekur gleði, öryggi og vilja fyrir þátttöku.

Dagshrynjandinn:

- Börnin koma með rútunni eða foreldrum sínum
- Morgunhringur: þulur, fingraleikir, söngur og hringleikir
- Morgunhressing: te og ávextir
- Allir leika inni og taka þátt í mismunandi verkefni eftir dögum
- Tiltekt og litað
- Hádegismatur
- Ævintýrastund
- Útivera
- Síðdegishressing: te, brauð og álegg
- Heim með rútunni eða foreldrar sækja

Vikuhrynjandinn:

- Mánudagar: Nestisferð, tekið úr töskum og frjáls leikur
- Þriðjudagar: Bakstur, matseld og frjáls leikur.
- Miðvikudagar: Málun og frjáls leikur
- Fimmtudagar: Árstíðabundin handavinna/föndur og frjáls leikur
- Föstudagar: Þrifverkefni, pakkað í töskur og frjáls leikur

Árshrynjandinn:

- Síðsumarferð
- Mikjálshátíð
- Marteinsmessa/Luktarhátíð
- Aðventuhátíð
- Jólaskemmtun
- Sólarkaffi (í tilefni af því að sólin fer að kíkja aftur í Seldal)
- Öskudagur
- Páskaskemmtun
- Vorferð (á vegum foreldraráðs)
- Fjöruferð
- Útskriftarhátíð / Jónsmessa

Söngvar, hringleikir og ævintýri

Í upphafi leikskóladagsins setjumst við niður öll saman í hring. Við kveikjum á kerti og syngjum upphafslagið okkar og syngjum um alla þá sem eru mættir þann dag. Svo förum við með þulur eða fingraleiki, syngjum lög, förum í leiki og spjöllum saman áður en gengið er til starfa í leikskólanum. Lögin, versin og þulurnar tengjast þeirri árstíð sem ríkir hverju sinni, hátíðum og veðrum. Að syngja saman eflir samfélagsvitund, fegurðarskyn og samkennd og gefur okkur gott veganesti inn í daginn. Lögð er áhersla á að syngja fallega og í tóntegund sem hentar börnum á leikskólaaldri, það eflir söngrödd þeirra og eykur líkur á að þau verði lagvís úr lífið.

Þulur eru mikilvægur þjóðararfur og tengja börnin við náttúruna. Við leggjum áherslu á þær sérstaklega á fyrstu mánuðum hvers árs þegar úti er svartasta myrkrið og hugurinn og andinn leitar inni á við og kannski líka aftur í aldir. Einnig eru sagðar fingraþulur allan ársins hring sem eflir einbeitingu og styrkir tengsl milli heilahvela. Börnin læra einnig fallegar hreyfingar sem hjálpa þeim í því að virða getu líkama sinna og eflir fegurðarskyn. Að efla fegurðarskyn er mikilvægt í waldorfskólum þar sem fegurð og góð samskipti/samvinna er nátengt.

Hringleiki er farið í bæði úti og inni. Þeir efla samhæfingu, samvinnu og gleði. Einnig eru þeir taldir auka siðferði og samfélagsvitund barnana þar sem þau þurfa að skiptast á að fara með aðalhlutverk og bíða eftir að röðin komi að þeim.

Ævintýrið á sér fastan sess í deginum og er mikilvægur innblástur í leikinn. Lögð er áhersla á upprunalega útgáfu ævintýra eins og Grímsævintýri, íslenskar þjóðsögur og norræn ævintýri. Í hverju ævintýri er að finna djúptækan sannleika um lífið, ásamt baráttu milli góðs og ills. Mikilvægt er að ævintýrin hafi góðan endi. Börnin geta mátað sig í öllum karakterum sagnanna og glaðst yfir sigri þess góða yfir hinu illa. Allir geta verið góðir og saklausir (prinsessan), hugrakkir (riddarinn) eða illir (drekinn). Þau þekkja allar þessar tilfinningar og gleðjast alltaf yfir sigri þess góða. Með einlægri innlifun gefast barninu rík tækifæri til að þroska með sér heilbrigða siðferðisvitund. Brúðuleikrit eru oft gerð eftir ævintýrunum sem börnunum eru sögð og þegar þau hafa séð þau í eina viku fá þau oft að leika leikritið sjálf. Þá kunna þau það orðið vel og elska að fá hlutverk í leikritinu og máta sig í karakterunum. Börnin setja síðan upp sín eigin leikrit í frjálsa leiknum og halda sýningu fyrir hvert annað.
Fyrir utan ævintýrin eru líka sagðar litlar og hlýjar sögur sem eru í tengslum við náttúruna og þá árstíð sem er hverju sinni. Þeim sögum er ætlað að efla samkennd og tengsl við náttúruna. Að lokum eru líka sagðar spunasögur sem kennarinn spinnur eða þerapískar sögur svo sem "Úlfur, úlfur", "Gosi litli" eða "Láki jarðálfur" eftir þörfum ef börnin t.d. eru að stríða, segja ósatt eða annað. Það hefur oft miklu meiri áhrif en að tala bara beint um alla hluti, þar sem börnin lifa svo ríkt í sagnaheiminum og læra af sögunum á óbeinan og stundum beinan hátt.

Með því að segja börnunum sama ævintýrið, fara með sömu vísur, þulur og syngja sömu lög í eina til þrjá vikur í senn mætum við þörf barnsins fyrir endurtekningu og fá þau tíma til þess að vinna úr söguþræði ævintýrisins og boðskap þess. Einnig eflir endurtekningin tilfinningu fyrir tungumálinu og skilning á því og eru vísbendingar sem sýna að þessi aðferð efli leskilning á síðari skeiðum og notkun á tungumálinu. Einnig er þetta talið nýtast tvítýngdum börnum afskaplega vel. Lögin og ævintýrin ná mikilli dýpt fyrir vikið sem allir njóta, bæði börn og fullorðnir, og styrkir að auki úthald. Það er ekkert skemmtilegra en að syngja með börnum lög sem allir kunna.

Skynjun

Allir þættir í umhverfi barnanna í leikskólanum hafa tilgang. Eins og fram hefur komið þá læra börn á leikskólaaldri í gegnum skynjun. Umhverfi barnanna skiptir því miklu máli í þessu samhengi og er það hannað sérstaklega með tilliti til þessa. Leikföngin og annar efniviður leikskólans er náttúrulegur. Leikföngin eru búin til úr tré, ull, silki, bómull eða járni. Veggir eru málaðir með mildum litum. Við höfum blóm í gluggum, sem við sinnum vel og fallegar myndir á veggjum. Mikið er lagt upp úr því að leikskólinn sé fallegur og vel gengið um hann. Þess vegna lagfærum við leikföngin svo börnin sjái til, við berum sýnilega ábyrgð. Enginn firrar sig ábyrgð og allir taka þátt. Börnin taka sjálf til á hverjum degi í samvinnu við hina fullorðnu og við hættum ekki fyrr en allt er orðið fínt, borðin í dúkkukróknum komin með dúk og allar dúkkurnar eru klæddar og hafa bæði dýnu, sæng og kodda. Allt á sinn stað í leikskólanum og það er góð upplifun fyrir alla þegar allt er komið á sinn stað, klárað og tilbúið fyrir næsta dag.

Úti fá börnin upplifun af árstíðunum, veðri og vindum og öllum þeim verkefnum sem fylgja útiverunni. Allur aldur fer út á hverjum degi í öllum veðrum. Við sópum, sláum gras, rökum, steinahreinsum leiksvæðið, mokum snjó, vökvum, gerum okkur bál og bökum pinnabrauð o.s.frv. Börnin renna sér á sleðum, róla, gera bú í klettunum, klifra og aðstoða við verkin.

Hópastarf, val og þemavinna.

Boðið er upp á ýmis verkefni yfir árið svo sem að tálga, sauma, smíða, þæfa, gróðursetja, búa til kerti, fara í sérstakar gönguferðir, tína ber o.s.frv. Hópastarf er unnið með eldri börnunum en ekki í hefðbundnum skilningi. Eldri börnin hafa hlutverk sem þau yngri hafa ekki í eins miklum mæli, eins og að bera af borðinu, fá flóknari hlutverk í hringleikjum, þau fá að tálga, hringja tiltektarklukkunni, fá að dýfa kerti o.fl. Tilgangurinn er að þau upplifi sig sem sem stór og mikilvæg áður en þau byrja í grunnskóla og verða aftur minnst í barnahópnum. Fyrir þau yngri er þetta ekki síður mikilvægt þar sem þau líta upp til eldri barnanna og hvetur þau til

þess að gera vel þegar þau loksins fá sjálf að sinna þessum verkum. Þau fá fyrst tækifæri til innilegrar tilhlökkunar og síðan til stolts og úthalds þegar kemur að þeim.

Í leikskólanum er ekkert hefðbundið val en þau hafa að sjálfsögðu val innan frjálsa leiksins. Ekki val sem hinn fullorðni hefur skammtað barninu innan þröngs ramma heldur raunverulegt og sjálfstætt val. Það sem hins vegar styður við og gefur börnunum efnivið í leikinn er sú fyrirmynd sem starfsmennirnir eru þeim og eldri börnin eru yngri börnunum. Því til að hafa val þarf maður að hafa upplifað hvað maður getur valið. Hinn fullorðni þarf að vera góð fyrirmynd á öllum sviðum, þ.e. kunna að vinna með höndunum, vera hæfur félagslega og geta leyst úr vandamálum og getað úthugsað sniðugar lausnir í leik og starfi. Ef börnin finna upp á því að þau langi að þrífa málningarplöturnar okkar úti með sápuvatni og burstum þá er það sjálfsagt mál. En til að þau fái þannig hugmyndir þurfum við oftast að hafa gert það áður. Börnin læra að nota ímyndunaraflið sem er missterkt hjá þeim eins og gengur, bæði eftir dögum og einstaklingum. En að þau læri að virkja það sjálf, innan frá er eitt af markmiðum uppeldisfræðinnar.

Segja má að þemavinna Waldorfleikskólans Yls í Lækjarbotnum sé barnið sjálft, umhverfi þess og náttúran í kringum það og áherslurnar fari eftir aldri þeirra og getu. Yfir berjatímann er sultað, fyrir Marteinsmessu gerum við luktir til að minna okkur á að varðveita sumarið í hjörtunum yfir vetrartímann og þegar stutt er til jóla bökum við piparkökur við kertaljós í rökkrinu, svo dæmi séu tekin. Þemað er náttúran og árstíðin. Barnið fær að vera algerlega í núinu, hjá sjálfu sér og umhverfi sínu og það vinnur þessa þemavinnu í gegnum skynupplifanir og virkjun fegurðarskynsins.

Skólahópurinn, sem við köllum þau börn sem eru á sínu síðasta ári í leikskólanum, fá mörg verkefni sem aðrir í leikskólanum fá ekki. Þau fá gjarnan eftirsóttustu hlutverkin í ævintýrunum, þau fá að hringja tiltektarklukkunni og fá oftar en aðrir að spila ævintýrið okkar inn og út á lítinn sílafón. Þau mega tálga. Þau fá litlar vatnskönnur við matarborðið og aðstoða við að hella vatninu í glös hinna barnanna o.m.fl. Lokahnykkurinn á verkefnum þeirra er að gera brúður fyrir útskriftarleikritið sitt, æfa leikrit með brúðunum og sýna öllum hinum börnunum og foreldrum. Þau tálga sinn eigin göngustaf og skreyta hann og svo rétt fyrir leikskólaslit fara þau með einum kennara alveg upp á toppinn á Selfjalli, sem við köllum Kistu, sem gnæfir yfir Lækjarbotnum. Þar fá þau að kíkja yfir ríki sitt sem og kóngar og drottningar Yls og fá góða yfirsýn áður en þau verða aftur minnst í skólanum.

7 Skólastarfið - aðalnámskrá leikskóla - námssvið leikskóla

7.1 Heilbrigði og vellíðan

Á Yl erum við svo heppin að njóta einstaklega vandaðs fæðis. Börn og starfsfólk fá í hádeginu lífrænan grænmetismat eldaðan á staðnum. Komið er á móts við allar þarfir barnanna en hér erum við með nokkur vegan börn, sum eru mjólkurlaus og önnur glútenlaus. Við höfum einstaklega menntaðarfulla kokka og njótum góðs af því. Eins er leikskólinn með sinn eigin grænmetisgarð sem við sinnum allt árið. Á vorin förum við og sáum í garðinn, priklum og setjum niður. Yfir sumartímann koma börnin með foreldrum sínum einu sinni til tvisvar í garðinn til að vökva hann og reita arfa. Við njótum uppskerunnar ríkulega á haustin og höfum við oft grænmeti í síðdegisbitanum okkar í stað brauðs á haustin. Eftir uppskeru er settur skítur í öll beðin. Eru börnin alltaf með í þessari vinnu, eða leikandi í kringum okkur vinnandi starfsfólkið - allt eftir aldri og áhugasviði.

Hvað varðar hreyfingu höfum við dásamlegt umhverfi sem við nýtum til hins ýtrasta. Í góðum veðrum á haustin og vorin erum við stundum úti mestallan daginn. Börnin leika mikið á leikvellinum okkar við að renna, róla og moka. En einnig fara þau elstu upp í klettana og leika þar. Á veturnar er hér sleðaparadís og börnin ganga upp brekkuna hvað eftir annað til að renna niður. Ýmist ein eða í langri halarófu. Á hverjum mánudegi leggjum við í hann með nesti og nýja skó (aukavettlinga) og förum í mislangar göngur út í náttúruna hér í kring. Eins leika börnin mjög fjölbreytt inni. Oft eru rennibrautar byggðar, með aðstoð hinna fullorðnu, úr bekkjum sem eru bundir við stólana. Þrautabrautir eru búnar til þar sem börnin hoppa úr hillum niður á stóra púða, skríða undir stóla, renna o.s.frv. Farið er í hina ýmsu hringleiki á hverjum degi.

7.2 Sköpun og menning

Fyrir utan daglegt starf með leik á fullu blússi, handavinnu, málun og öðru föndri, t.d. fyrir hátíðir, má lesa um menningarstarfsemi okkar, ferðir, sýningar, hefðir og hátíðir sjá **9 Menningarviðburðir.**

7.3 Sjálfbærni og vísindi

Við á Yl leitumst við af fremsta megni að vera sjálfbær. Við erum með hænur sem börnin í leikskólanum sinna ásamt börnum grunnskólans hér og við fáum eggin frá. Við erum með eigin grænmetisgarð, eins og kemur fram hér fyrir ofan. Við borðum lífrænt grænmetisfæði og látum afgangana í safnhaug eða til hænsnanna. Við þurrkum blóm og jurtir í te. Foreldrar eru hvattir til að nota ullarföt fyrir börnin þar sem hér er veðrasamt, af því það er það besta fyrir barnið og af því að það er sjálfbært. Allur efniviður leikskólans er náttúrulegur, hér eru leikföng úr tré, ull, bómull og silki, fyrir utan náttúruna sjálfa hér á leiksvæðinu. Uppeldisfræði okkar er í anda sjálfbærni. Það er seinni tíma verkefni fyrir börnin að kljást við vandamál tengd skorti á sjálfbærni á vísindalegan hátt. Börnin hér alast upp við stöðuga viðleitni til sjálfbærni og eru þessi atriði eðlileg fyrir þeim. Það er undirstaðan til að hjálpa þeim að skilja gildi sjálfbærni í framtíðinni og löngun til að berjast fyrir þeim gildum. Áhyggjur í barnshuga er það síðasta sem við viljum með of miklu tali um málefnið. Áhersla okkar er á góðar fyrirmyndir sem sýna í verki hvað þarf að gera.

7.4 Læsi og samskipti

Börnunum á Yl gefast mýmörg tækifæri til að endurskapa upplifun sína og reynslu í frjálsum leik, skapandi starfi og í stýrðum stundum starfsfólksins. Í frjálsum leik á degi hverjum flæða börnin úr einum leik í annan og í gegnum hann eru þau að vinna úr reynslu sinni og upplifunum. Þau flæða inn í leiki hjá hvert öðru og læra við það samskiptahæfni. Þau þurfa að læra að lesa í umhverfi sitt og eiga jákvæð og uppbyggileg samskipti til þess að leikurinn nái að halda áfram. Starfsfólk leikskólans hjálpar þeim þegar á þarf að halda og gefur þeim verkfæri til að læra að leysa úr ágreiningi. Vegna frjálsa leiksins fá þau virkilega að æfa og þjálfa samskiptahæfni sína.

Aðaláhersla Yls er því á félagslegt læsi. Að læra í gegnum verkefnin sín (Learning by doing) er mikilvægur partur af okkar uppeldisfræði og er grunnurinn að seinni tíma lærdómi. Við leggjum síður áherslu á vitsmunalegar æfingar. Ef börnin hafa áhuga á bókstöfunum gleðjumst við yfir því og tökum þátt í áhuganum á þessu spennandi efni en áherslan er á önnur verkefni. Það sem börnin læra í leikskólanum, sem undirbúningur fyrir komandi lestrarnám, er t.d. að kunna að sitja kyrr í einhvern tíma, góð samskipti, sagnahefð, teikning og önnur þjálfun fín- og grófhreyfinga. Börnin sem ekki fá ung áhuga á bókstöfum fá tækifæri til að láta áhugann á stöfunum kvikna áður en bókstafakennsla fer fram og bráðgeru börnin fá tækifæri til innilegrar tilhlökkunar til framtíðar verkefnisins að læra að lesa! Ef þau þá hafa þolinmæði til og læra það ekki bara sjálf heima.

8 Dagskipulag

Sjá **6 Námskrá - stefna - uppeldislegar áherslur, Hrynjandinn**

9 Menningarviðburðir

Þeir viðburðir sem eru fyrirhugaðir á árinu falla inn í árshrynjanda leikskólans og eru þeir því í föstum skorðum frá ári til árs og hér á eftir kemur upptalning og útlistun á þeim.

Ferðir

Nestisferðir
Á hverjum mánudegi fer eldri deild leikskólans í styttri ferðir. Tilgangurinn með ferðunum er að börnin kynnist nánasta umhverfi leikskólans, upplifi fjölbreytileika náttúrunnar allan ársins hring, læri að umgangast hana með virðingu og þakklæti og ekki síst að efla og skynja eigin líkama við að klöngrast yfir holt og hæðir.

Réttir
Á haustdögum er réttað í Fossvallarétt. Sú hefð hefur skapast hjá grunnskólanum í Lækjarbotnum að vera með kaffisölu við réttirnar og þangað koma fjölskyldur leikskóla- og skólabarna.

Sveitaferð
Sveitaferð er skipulögð af foreldraráði að vori til og er farið í heimsókn á sveitabæ í nágrenni höfuðborgasvæðisins.

Handverkstæðið Ásgarður
Eldri hópurinn fer í heimsókn í Handverkstæðið Ásgarð í Mosfellsbæ og skoðar þar vinnustofur þeirra. Gott samstarf er milli skólanna og Ásgarðs og gaman fyrir börnin

að sjá hvar hluti af okkar leikföngum verður til og fara þau einnig með löskuð leikföng til viðgerða.

Fjöruferð
Valin er strönd á höfuðborgarsvæðinu. Langt er af stað strax í upphafi dags, byrjað á morgunhressingu þegar komið er á staðinn og eftir leik í fjöruborðinu er grillaður góður hádegisverður.

Útskriftarferð
Sú hefð hefur skapast að fara í fjallgöngu með verðandi útskriftarbörnum upp á Kistu sem er hæsti sjáanlegi punkturinn yfir Seldal. Börnin tálga sér göngustafi og hann skreyttur áður en lagt er upp í ferðina. Þetta er ferð sem beðið er eftir með mikilli eftirvæntingu. Þegar upp á klettinn er komið ríkir andakt meðal barnanna, horft er yfir sveit og byggð, spjallað um álfa og huldufólk, fundinn óskasteinn og börnin snúa til baka full af stolti.

Hátíðir og hefðir
Hátíðirnar hafa ákveðið form sem breytist lítið frá ári til árs og er ástæðan einfaldlega þörf barnanna fyrir hrynjanda. Þau móta með sér tilfinningu fyrir hrynjanda ársins þegar hátíðirnar endurtaka sig. Eftirvæntingargleðin og öryggiskenndin sem vaknar við það að skynja hvað framundan er og hlakka til er að okkar mati mjög nauðsynleg litlum börnum. Innan forms hátíðanna eru þó alltaf mismunandi áherslur, nýjar og ferskar leiðir.

Mikjálshátíð
Waldorfleikskólar út um allan heim halda upp á Mikjálsmessu að hausti, eða þann 29. september. Mikjálsmessa er hátíð heilags Mikjáls. Hann er þekktur sem engillinn er vinnur bug á myrkraöflunum í formi drekans og hann er þar af leiðandi sterkt tákn fyrir sigur hins góða yfir hinu illa.

Ævintýri þar sem riddarar, prinsessur og drekar ríkja, lifa góðu lífi í leikskólanum dagana í september. Börnin heyra nokkur ævintýri, svo sem um Maríuhænuna og drekann, ráðagóða klæðskerann og drekann, brauðævintýrið góða, ævintýrið um Georg riddara ofl. Í ævintýrunum lifa fornar erkitýpur. Þessar erkitýpur bera eiginleika sem við öll berum með okkur. Prinsessan er táknmynd sakleysis. Riddarinn stendur fyrir hugrekki. Drekinn stendur fyrir hið illa. Það er mikilvægt að vinna með það góða í sjálfum sér og sigrast á því "illa" innra með sér. Að við temjum okkur réttlæti, samvinnu, fegurð og gleði. Við kennum foreldrum að mikilvægt sé að hinir fullorðnu að festist ekki í ytri almennum hugmyndum, t.d. að samsama prinsessuna kvenkyninu! Því börnin gera það ekki. Fyrir okkur í leikskólanum eru allir riddarar og allir eru líka prinsessan og kemur það skýrt fram í hringleikjunum því allir vilja vera riddarinn og prinsessan, óháð kyni.

Á leikskólum er tíminn í kringum Mikjálsmessu helgaður árstíðinni. Undirbúningurinn hefst u.þ.b. 4-5 vikum fyrir sjálfa hátíðina. Við förum í berjamó og sultum (séu einhver berin), gerum fallegar rauðar keðjur úr reyniberjum og söfnum laufblöðum. Það er að kólna og hvessa og við finnum hvernig veturinn nálgast. Við syngjum um það allt saman. Við saumum fallegar skikkjur og tálgum lítil sverð fyrir riddarana sem leita að drekanum af miklum móð. Elstu börn leikskólans fá að tálga sín sverð meðan þau yngri fylgjast með og pússa með sandpappír. Með því að fá að fylgjast með þeim stóru er eins og að þau hafi aldrei gert annað þegar röðin um síðir kemur að þeim að tálga. Á Mikjálsmessu bökum við með börnunum sérstakt brauð og elduð er haustsúpa eða uppskerusúpa. Þá tökum við líka upp síðasta grænmetið úr garðinum okkar. Við búum til smjörið góða og gula. Haustið er tími uppskerunnar og þá er sjálfsagt að muna eftir öllum þeim góðu gjöfum sem jörðin færir okkur og gleðjast yfir þeim.

Á sjálfum hátíðardeginum ríkir mikil eftirvænting og hátíðleiki. Sverðin sem börnin eru búin að tálga og leggja út í glugga hafa orðið fyrir heilmikilli breytingu. Þau hafa breyst í stjörnusverð! (Silfurglimmer). Börnin eru sveipuð rauðum skikkjum og allir fara inn og setjast við fjallið sem allt í einu er komið í leikskólann og sagan um Georg riddara og drekann er sögð. Engill kemur í heimsókn (oftast kennari úr skólanum) og hann slær hvert og eitt barn til riddara og réttir þeim sverðið sitt. Allir fá líka stjörnuband um höfuðið. Eftir þetta fá allir eplabita og ef vel er að gáð má sjá litla stjörnu í miðju eplinu. Svo sannarlega töfrar á þessu degi. Í lok dagsins koma foreldrar og þá fara allir í hringleiki saman. Foreldrum og börnum er að lokum boðið uppá drekabrauð, grænmeti úr garðinum og kannski smá gotterí á fallega dekkuðu borði.

Luktarhátíð

Luktarhátíðin er haldin á Marteinsmessu þann 11. nóvember og er tileinkuð heilögum Marteini. Boðskapur hátíðarinnar er gjafmildi. Börnin í leikskólanum baka smákökur sem þau setja í fallega búnar körfur og fara og gefa einum bekknum í

skólanum. Ef þau eru heppin upplifa þau líka gjafmildi einhvers annars bekks. Tákn luktarhátíðarinnar er birta og hvernig við getum tekið birtu sólarinnar með okkur inn í veturinn og látið hana umbreytast í innra ljós. Það er einmitt á þessum tíma sem sólin sendir okkur sína síðustu geisla í Seldal og birtist okkur ekki á ný fyrr en eftir 3 mánuði. Til að geta tekið á móti geislum sólarinnar búa börnin til hvert sitt ljósker, sem geta verið breytileg að gerð frá ári til árs. Undirbúningur hefst u.þ.b. fjórum vikum fyrir hátiðina, sungin eru lög og ævintýri sögð sem tengjast hátíðinni.

Jólabasar

Jólabasarinn er stór hátíð á Lækjarbotnum. Saman með skólanum er unnið að því að gera hinn myndarlegasta jólabasar. Vörur sem nemendur, foreldrar og starfsfólk er búið að vinna að dögum og vikum saman eru seldar. Tálgunar-, vef- kerta-, leir-, þæfingar-, seríu-, dúkku-, jurta- og smíðavinnuhópar eru bara hluti af öllum þeim hópum sem vinna saman í tímabilinu fram að basar. Á basarnum eru vörurnar svo seldar, tombólur haldnar, eldbakaðar pizzur og heimagerðar veitingar, veiðitjörn, smiðjur, barnakaffihús o.fl. o.fl. Starfsfólk og foreldrar leikskólans hafa venjulega séð um að dýfa bývaxkerti fyrir basarinn.

Aðventugarður

Hátíðleg stund með börnum leikskólans einhvern morguninn þegar aðventan nálgast. Gerður er spírall úr grenigreinum með stóru kertaljósi innst. Engill gefur hverju barni kerti sem hefur verið komið fyrir í epli, barnið gengur inn í spíralinn, kveikir á sínu ljósi og kemur því fyrir í spíralnum á leiðinni til baka. Á þennan hátt erum við minnt á ljós sem við þurfum nú í skammdeginu að geyma innra með okkur. Eplin eru tákn fyrir jörðina og þann ávöxt sem hún ber. Að ganga inn að miðju táknar að koma til sjálfs sín en að ganga út úr spíralnum er að koma til annarra. Smátt og smátt lýsist spírallinn upp og við fáum að upplifa að margt smátt gerir eitt stórt. Við athöfnina eru einnig spiluð og/eða sungin jólalög.

Jólaball

Jólaballið er hefðbundin fjölskylduhátíð haldin í leikskólanum síðasta dag fyrir jólafrí. Börnin sýna leikrit, einnig er sungið og dansað í kringum jólatré við undirleik lifandi tónlistar. Að lokum eru veitingar sem foreldrar koma með, gjarnan smákökur.

Þorrablót

Börn og starfsmenn blóta þorranum með því að allir á leikskólanum koma saman og borða hefðbundinn þorramat. Minni karla og kvenna er sungið, við syngjum um krumma og fleiri vetrarlög.

Sólarkaffi

Sólarkaffi er haldið í byrjun febrúar í tilefni þess að sólin er aftur komin niður í dalinn okkar. Öll börnin og starfsfólk bera gular sólarkórónur. Bakaðar eru vöfflur og

drukkinn appelsínusólarsafi. Nemendur úr 9.-10. bekk sýna leikrit um norðanvindinn og sólina. Að því loknu er sólartromman (söngur og dans sem tilheyrir þessari hátíð) sungin og dönsuð.

Öskudagur

Daginn fyrir Öskudaginn umbreyta starfsmenn leikskóla og foreldrar elstu barnanna leikskólanum í vetrarríki. Árlegt þema Öskudagsins í leikskólanum hefur hingað til verið Vetrarland. Í vikunum fram að hátíðinni hafa börnin í leikskólanum heyrt vetraræventýri. Gjarnan söguna um skíðaferð Óla. Það er langt ævintýri og blandast inn í það mörg lög og leikir og því fleiri eftir því sem börnin hafa heyrt það lengur. Svo þegar kemur að Öskudeginum sjálfum geta allir verið með af mikilli innlifun. Mikil er gleði barnanna þegar þau koma á Öskudaginn sjálfan í umbreyttan leikskóla. Höll vetrarkonungsins er komin, skautasvell, skíðabrekkur, kannski hægt að fara í snjókast eða hitta með snjóboltum í mark (hvítar, þæfðar ullarkúlur). Elstu börnin hafa stærstu hlutverkin í leikritinu og þegar allir eru mættir byrjar sagan. Einn starfsmaður er sögumaður og öll börnin eru leikendur. Eftir því sem sagan heldur áfram færum við okkur um svæðið. Inn á milli syngjum við og förum í leiki. Er sögunni er lokið fáum við hressingu. Síðast var boðið upp á snjókorn (popp). Eftir bitann er frjáls leikur í Vetrarlandinu. Í hádeginu fáum við vetrarmat og allir fá klaka í vatnið sem borið er fram með matnum. Í síðdegisbitanum er að sjálfsögðu borinn fram ís.

Páskaskemmtun

Foreldrum og systkinum er boðið á skemmtun þar sem leikskólabörnin sýna leikrit um litla rótarálfinn, vorlaukana og páskahérann, og syngja nokkur lög sem tengjast páskahátíðinni.

Hvítasunnuhátíð

Undirbúningur hefst tveimur vikum fyrir hvítasunnu, með því að börnin búa til hvert sína dúfu. Á þriðjudeginum eftir hvítasunnu eru bökuð dúfubrauð sem eru höfð í nesti þegar farið er í stutta ferð. Allir koma gjarnan hvítklæddir í leikskólann þennan dag.

Jónsmessuhátíð/ útskriftarhátíð

Börnin sem eru að ljúka veru sinni í leikskólanum bjóða foreldrum sínum á brúðuleikrit. Þau semja leikritið, eða notast við tilbúið leikrit, búa til brúðurnar og leikmuni í samstarfi við starfsfólk og leika svo á útskriftardaginn, föstudaginn fyrir jónsmessu. Eftir leikritið og litla athöfn, þar sem þau fá blómakransa og gjöf frá leikskólanum, er farið niður að eldstæði, kveikt bál, farið í hringdansa og leiki og léttur matur snæddur.

Afmæli

Varla er nokkur dagur eins merkilegur í huga barns og afmælisdagur þess. Leitast er við að hafa þennan dag eins eftirminnilegan og hátíðlegan og hægt er. Útbúið er sérstakt afmælissvæði. Regnbogasilki er breitt út á búkka bak við svæðið, barnið sest á fallega pullu og á borðinu fyrir framan það er "gull"platti með jafnmörgum kertum og aldur barnsins segir til um. Barnið fær að heyra afmælisævintýrið sitt. Ævintýrið er alltaf byggt á sama grunni en hefur mismunandi áherslur þar sem gengið er út frá þeim einstakling sem nú á afmæli. Fyrst af öllu fær barnið gullkórónuna sína, en ekki fyrr en búið er að telja toppana á henni sem eiga að vera jafnmargir og árin. Barnið fer svo í afmælisskikkjuna og afmælissagan byrjar. Starfsfólk útbýr gjöf handa barninu. Ýmist er prjónuð dúkka, dýr eða keyptur fallegur steinn, allt eftir aldri barnsins. Þessa gjöf fær barnið við hátíðlega athöfn þegar sögunni lýkur. Þá má afmælisbarnið lyfta silkislæðunum af gjöfinni á meðan við teljum árin og opna gjöfina sína. Allir fá að skoða gjöfina. Eftir það er afmælissöngurinn sunginn; „Lífið allt þér gangi í hag, þú sem átt afmæli í dag. Þetta er þitt lag.” Dekkað er borð í leikskólanum og boðið upp á afmælisköku eða aðrar veitingar sem afmælisbarnið hefur komið með að heiman. Þennan dag er barnið í hávegum haft.

10 Kynning á leikskólanum

Heimasíðan er nú komin í gagnið en ennþá er verið að vinna í henni, þýða texta o.fl. Leikskólinn á í samskiptum við foreldra með öðrum leiðum. Kynning á leikskólanum hefur aðallega farið fram á opinni síðu á Facebook og svo í gegnum viðburði eins og jólabasarinn okkar, en hann er víðfrægur og mjög vel sóttur. Fyrirlestrar innlendra eða erlendra aðila, kennara, lækna eða annarra sem koma að uppeldisfræðinni með einhverjum hætti, eru haldnir reglulega. Eins er sameiginlegt opið hús árlega hjá Yl og Waldorfskólanum Lækjarbotnum.

11 Foreldrasamstarf

11.1 Stefna og áherslur

Við á Yl viljum vera í mjög góðum tengslum við foreldra barnanna sem í leikskólanum eru. Það að börnin eru ferjuð í rútu til og frá skóla setur óneitanlega strik í samskiptareikninginn en viljum við með öllum ráðum bæta það upp með öðrum leiðum. Á Yl eru þó samskipti við foreldra mikil miðað við víða annars staðar, bara á annan hátt og má þar m.a. nefna vinnuhelgarnar, foreldraþrifin og basarundirbúninginn. Aðalmarkmið foreldrasamstarfs okkar er að foreldrar séu öruggir, virkir, ánægðir og upplýstir.

11.2 Foreldraráð

Foreldraráð samanstendur af þremur foreldrum sem kosnir eru á fyrsta foreldrafundi haustannar. Ráðið sér um ýmis málefni, það heldur t.d. utan um uppákomur fyrir utan leikskóla. Þeir eru milliliðir milli foreldra og leikskóla, geta t.d. í því hlutverki hjálpað við að minna foreldra á það sem framundan er hjá leikskólanum. Hlutverk foreldraráðs er einnig að lesa og leggja mat á ársskýrslu leikskólans.

11.3 Fræðsla og upplýsingar til forráðamanna

Foreldrafundir og fræðsla
Foreldrafundir eru fjórir og er þeim dreift jafnt yfir árið.
Þar er foreldrum gefin innsýn í daglegt starf leikskólans og uppeldisfæðina. Tveir eða þrír fundanna innihalda eitthvað fræðilegt eða listrænt innslag og einnig er foreldrum gefin innsýn í daglegt starf leikskólans og það sem framundan er. Lögð er áhersla á að skapa góðar samræður milli starfsfólks og foreldra.

Einn eða tveir fundir eru fyrst og fremst fræðslukvöld, þó einnig séu opnar samræður í lok fundarins.

Foreldraviðtöl
Foreldraviðtöl eru með foreldrum allra barna í leikskólanum, og fara þau viðtöl fram tvisvar á ári. Í september eða október á haustönn og í janúar eða febrúar á vorönn.

Í þessum viðtölum er farið yfir eftirfarandi þætti:

- Líðan barnsins í leikskólanum
- Persónulegur þroski barnsins, m.a. mál- og hreyfiþroski.
- Félagslegur þroski og staða barnsins félagslega
- Tengsl við starfsfólkið
- Praktísk mál

- Fyrirspurnir eða athugasemdir frá foreldrum

Við gefum okkur góðan tíma í þessi samtöl, foreldrar fá 30. mínútna samtal. Þegar starfsfólk hefur farið yfir hvernig barnið er í leikskólanum er barnið rætt áfram. Við fáum tækifæri til að spyrja foreldra um hvernig sé heima, t.d. er svefn, næring og heimilisaðstæður oft rædd. Eins fá foreldrar nægan tíma til að spyrja, fá ráð eða koma með athugasemdir. Fyrir þau börn sem eru á síðasta ári í leikskólanum er skólaþroski þeirra ræddur og hvort hann sé nægilegur til að barnið sé tilbúið til að takast á við skólagönguna. Önnur viðtöl fara fram eftir þörfum og geta ýmist verið að frumkvæði leikskólakennara eða foreldra.

Fyrir utan þessu föstu þætti er foreldrum reglulega boðið að koma og sækja börnin í leikskólann í stað þess að rútan komi og sæki þau. Þá er gjarnan boðið upp á eitthvað gott með kaffinu og allir ná að spjalla saman. Eins er alltaf óformlegt spjall á vinnuhelgum. Ef eitthvað hefur verið með einstök börn geta komið tímabil þar sem starfsfólk er í daglegu eða vikulegu símasambandi við foreldra. Foreldrar eru einnig duglegir að senda okkur smáskilaboð á messenger eða sms. Þeim er einnig velkomið að hringja í okkur utan vinnutíma þó það gerist sjaldan.

Heimsóknir

Ný börn eru heimsótt þegar u.þ.b. 4 mánuði eru liðnir af skólaárinu og hefur þetta reynst mjög vel.

Tilgangur og markmið heimsóknarinnar er að:

- styrkja tengsl heimilis og leikskólans
- styrkja tengsl barnsins og leikskólakennarans
- leikskólakennarinn öðlist aukna hluttekt í tilveru barnsins
- gleðja barnið

Símatími

Símatímar eru tveir. Fyrsti símatíminn er á milli kl. 8:00 - 8:30. sem er á meðan við undirbúum okkur fyrir daginn og skerum bita. Ekki er talað í símann á meðan unnið er með börnunum. Seinni símatíminn er milli kl. 13:00 - 13:30. Þá er einn starfsmaður inni að undirbúa eftirmiðdagsbitann og getur sinnt símanum.

Kynningarrit og fréttabréf

Þegar nýtt barn byrjar í leikskólanum fá foreldrar upplýsingar sendar í pósti þar sem komið er inn á hagnýta hluti sem tengjast hversdeginum svo sem veikindi, klæðnað o.s.frv.

Í upphafi annar fá foreldrar dagskrá annarinnar, þriflista og símalista sem við hvetjum foreldra til að geyma á góðum stað. Sendur er út vikulegur eða hálfsmánaðarlegur, netpóstur til foreldra þar sem greint er frá lífi og starfi leikskólans auk annarra tilkynninga.

11.4 Þátttaka forráðamanna í leikskólastarfi

Þátttaka foreldra í starfi leikskólans hefur verið eftirfarandi:

Helgarþrif

Hver fjölskylda á að meðaltali tvær helgar á önn þar sem þau sjá um þrif á leikskólanum. Er þetta hugsað sem þáttur í því að efla tengsl leikskóla og heimilis. Því það gerist eitthvað við það að allir, foreldrar, börn og starfsfólk, beri leikskólann saman á þennan hátt. Börnin njóta þess að koma ein í leikskólann með foreldrum sínum og geta sýnt þeim hann. Þau hafa gott af því að læra að þrífa hann vel eða upplifa það óbeint við leik í rólegheitum á meðan foreldrarnir þrífa.

Vinnudagar

Tvo daga á ári hittast allir, foreldrar staðarins ásamt börnum og starfsfólki. Þessir dagar eru notaðar til ýmissa hagnýtra hluta svo sem að dytta að húsinu og nánasta umhverfi þess. Er það hluti af okkar uppeldisfræði að gefa börnunum tækifæri til að sjá og vera með fullorðnu fólki sem er að fást við hin ýmsu verk af áhuga og natni. Þetta hjálpar börnunum að tengjast umhverfinu og bera virðingu fyrir því.

Jólabasar

Mikill undirbúningur og vinna liggur að baki jólabasarsins. Komið er upp basarundirbúningsnefnd sem samanstendur af foreldrum og starfsfólki. Hlutverk nefndarinnar er að skipuleggja basarinn. Haldnir eru basarundirbúningsdagar um helgar þar sem börn, starfsfólk og foreldrar framleiða hluti fyrir basarinn. Einnig eru haldin basarundirbúningskvöld fyrir starfsfólk og foreldra. Sjálfa basarhelgina leggjast allir á eitt; húsnæði leikskólans og skólans er breytt í kaffihús og handverksmarkað og þar eru uppákomur og skemmtanir fyrir börnin. Þetta er dagur sem börnin bíða eftir með mikilli eftirvæntingu.

Leikskólinn hefur tekið að sér að halda utan um tvö kertakvöld fyrir basarinn. Þá hafa foreldrar leikskólans mætt og bæði dýft og steypt kerti fyrir basarinn. Allir foreldra Lækjarbotna eru svo velkomnir á hina basarundirbúningsdagana sem starfsfólk skólans heldur utan um.

Hátíðir

Foreldrum er boðið að koma á eftirfarandi hátíðir: Mikjálsmessuhátíð, jólatréskemmtun, páskahátíð og sumarhátíð.

11.5 Foreldrafélag

Foreldraráð leikskólans er einnig foreldrafélagið okkar. Vegna smæðar okkar kom þetta vel út svona.

12 Starfsmenn

12.1 Starfsmannastefna

Kjörorð starfsmannastefnu Yls eru: Sjálfsvinna, samvinna, kærleikur og jákvæðni, hlustun, heiðarleiki, fyrirgefning og síðast en ekki síst húmor.

Markmið okkar:

- Að allt starfsfólk stundi sjálfsvinnu. Vinni út frá mannspekinni og leitast við að þróa sig andlega. Líti reglulega í eigin barm.
- Að gagnkvæm virðing og traust sé rauður þráður í öllum samskiptum meðal starfsmanna Yls.
- Að gleði, jákvæðni og skapandi hugsunarháttur sé ríkjandi í öllum samskiptum.
- Að allir upplifi sig sem hluta af hópnum.
- Að allir hafi hlutverk, séu jafn virkir og fái að njóta hæfileika sinna.
- Að samvinna sé sjálfsagður þáttur í daglegu starfi.
- Að starfsfólk sýni sveigjanleika og skilning í starfi og samskiptum.
- Að á Yl ríki lýðræðislegt andrúmsloft þar sem allir geti komið sínum skoðunum á framfæri.
- Að allt starfsfólk líti á það sem sitt hlutverk að miðla af þekkingu sinni og reynslu sem hann hefur öðlast í starfi með leikskólabörnum.
- Að starfsfólk gagnrýni á uppbyggilegan hátt og kunni að taka gagnrýni með opnum huga.
- Að starfsfólk efli með sér hugrekki til að tala við rétta aðila. Að starfsfólk ætíð tali við samstarfsfólk sitt en ekki um það.
- Að starfsfólk reyni eftir fremsta megni að fyrirgefa samstarfsaðilum sínum verði þeim á og vilji vinna með málin.
- Að starfsfólk skilji mikilvægi þess að hrósa þegar við á.

12.2 Áherslur í samstarfi

Sjá **12.1**

12.3 Samsetning starfsmannahópsins

Við leikskólann starfa tveir starfsmenn í 100% starfi við stjórnunar- og skipulagsstörf ásamt vinnu á gólfi, einn starfsmaður við sömu störf í 90% og tveir starfsmenn á gólfi, einn í 80%, hinn í 40% stöðu. Eins eru tveir starfmenn í 20% stöðu, gjaldkeri og eldhústarfsmaður.

13 Samstarf við grunnskóla

Náið samstarf er milli leikskólans og Waldorfskólans í Lækjarbotnum. Þegar sótt er um leikskólapláss fyrir barn leggjum við áherslu á að foreldrar kynni sér jafnframt það starf sem fram fer í Waldorfskólanum. Ýmsar hátíðir og uppákomur eru sameiginlegar hjá leikskólanum og skólanum. Með þessari nálægð höfum við séð og upplifað hversu mikil gleði og eftirvænting skapast hjá þeim börnum sem eiga að byrja í skólanum, eftir að hafa fengið tækifæri til að sjá og upplifa skólabörnin í leik og starfi. Skólabörnin eru félagar þeirra sem þau þekkja orðið vel og milli þeirra hefur skapast vinátta og traust. Þau börn sem eru á útskriftarári í leikskólanum heimsækja fyrsta bekk grunnskólans.

Þar sem samkennsla er í Waldorfskólanum í Lækjarbotnum sameinast útskriftarhópur Yls annað hvert ár 2. bekk Waldorfskólans í Lækjarbotnum, fari börnin þangað í skóla. Við leggjum því mikið upp úr góðum tengslum milli leikskóla og skólans hér á Lækjarbotnum. Þetta eru litlir skólar og leikskólinn deilir húsnæði með fjórum yngstu bekkjum skólans. Börnin í yngstu bekkjunum koma oft og leika á leiksvæði leikskólans og eru þar hjartanlega velkomin. Þessi nálægð er mjög notaleg og eykur á systkinabraginn sem ríkir hér í Lækjarbotnum. Skólabörnin vita að þau eru gestir og ergjast t.d. ekki þó leikskólabörnin eyðileggi kastalana sem þau byggja í sandkassanum. En það er afskaplega gefandi fyrir leikskólabörnin að hafa þessar stóru fyrirmyndir (og er að sjálfsögðu uppálagt að skemma aldrei neitt!). Þau bera mikla virðingu fyrir eldri börnunum og skólabörnin njóta þess. Fyrir utan þessa skörun er skipulögð samvinna milli leikskólans og 1. bekkjar í skólanum frá maí mánuði, annað hvert ár, eftirfarandi:

- Á þriðjudögum kemur 1. bekkur í heimsókn, bakar með okkur og leikur með okkur í frjálsa leiknum.
- Á miðvikudögum getur skólahópur leikskólans fengið að fara með starfsmanni í heimsókn með yfir í 1. bekk og tálga kl. 10:30 - 11:10.
- Á miðvikudegi fyrir Mikjálsmessu bjóðum við 1. bekk að koma og heyra brauðævintýrið með okkur strax um morguninn. Eftir það bökuðum við brauðin saman.
- Þegar mikið stendur til, t.d. verið að æfa leikrit fyrir sýningar eða annað bjóðum við 1. bekk í heimsókn til okkar á prufusýningu og öfugt.

Það ár þegar skólahópurinn er ekki að sameinast 2. bekk skólans eru samskiptin aðeins öðruvísi, þá býður leikskólinn 1. og 2. bekk á sýningar inn á milli, einstaka sinnum bökum við saman og hittumst úti við, en meiri samvinna er þegar börnin eru að fara í sama bekk. Reglulega eru þó fletir á mögulegu sameiginlegu samstarfi skoðaðir á fagfundum okkar með kennurum 1. bekkjar, en þeir eru haldnir reglulega og eftir þörfum. Á þessum fundum koma oft upp eitthver tilfallandi verkefni þar sem ákveðið er að vinna að saman með yngsta bekknum og leikskólanum. Hvort sem skólahópur leikskólans muni sameinast þessum tiltekna bekk eða ekki.

14 Samstarf við aðra

Leik- og grunnskólinn eru í nánu samstarfi við ýmsa erlenda aðila. Má þar helst nefna Angelika Jaschke og Irmgard Sodenkamp, báðar frá Þýskalandi, þær koma hingað árlega og dvelja lengri tíma í senn. Einng er leitast við að hafa samstarf við mannspekilaækni sem að gert er ráðfyrir að komi í heimsóknir jafnvel nokrum sinnum á ári.

Leik- og grunnskólinn eru í samstarfi við Skaftholt, Bændur í bænum, Brauðhúsið Waldorfskólana Sólstafi og Sólheima sem felst aðallega í heimsóknum, fræðslu, matainnkaupum og samskiptum utan vinnu eins og skemmtunum margskonar.

Leikskólinn er í samstarfi við Ásgarð, varðandi viðhald á leikföngum og í tengslum við basarvinnu.

15 Mat og matsaðferðir

15.1 Börn

Matsaðferðir sem við notumst við á Yl eru eftirfarandi:

- Starfsmannafundir
- Barnaathugun
- Endurmat eftir hátíðir
- Foreldraviðtöl
- Foreldrafundir
- Mat á starfsemi leikskólans, gert í upphafi vorannar
- Lestur á fræðum Rudolf Steiner

Á starfsmannafundum er allt innra starf í stöðugri skoðun. Yfir vikuna skráum við hjá okkur punkta í litla bók í leikskólanum ef eitthvað kemur upp sem við viljum ræða, hvort sem það snýr að verkefnum, börnunum eða öðru. Leikskólastjórinn tekur þessa punkta saman degi fyrir fund, áætlar grófa tímaáætlun og útbýr fundardagskrá sem

send er öllum starfsmönnum. Á fundinum sjálfum skrifar ritari niður fundargerð og tímavörður hefur augun á tímanum sem tileiknaður er í ákveðið umræðuefni. Barnaathugun fer þannig fram að starfsmenn taka fyrir eitt barn í einu. Í heila viku er fylgst mjög vel með þessu barni. Það er skoðað á fullkomlega óhlutdrægan hátt en af mikilli innlifun og áhuga. Líkami barnsins er skoðaður, dæmi: Hvernig eru augun í þessu barni? Eru þau stór, lítil, skásett, kringlótt? Hálflukt eða opin? Hvernig er útgeislunin: áköf, dauf, mild? Horfir barnið beint á fólk eða til hliðar?...o.s.frv. Eftir að hafa skoðað allt barnið á þennan hátt, algjörlega án skoðana eða dóms, einungis með opnum, hlutlausum hætti, er hreyfing barnsins skoðuð. Svo eru samskipti barnsins við önnur börn og fullorðna auk annarrar hegðunar líka skoðuð. Afskaplega mikilvægt er að vera allan tímann algjörlega laus við að fella hverskyns dóma, sympatíska eða ósympatíska. Þessi aðferðafræði mannspekinnar virkar afskaplega vel til að byrja að skilja einstaklinginn sem við höfum í höndunum á opinn hátt. Einnig finnur barnið á ómeðvitaðan hátt löngun okkar til að skilja það fyllilega og þessi aðferð er einstaklega árangursrík. Stundum hafa erfið hegðunarmynstur hreinlega horfið á meðan starfsfólkið fylgdist með barninu og var ekki einu sinni búið að tala saman um niðurstöðurnar. En það er þó alltaf gert. Á starfsmannafundi eyðum við tíma í það barn sem var tekið fyrir í barnaathuguninni þá vikuna og ræðum það. Hverju tókum við eftir? Var eitthvað sem allir sáu greinilega? Er eitthvað við þetta barn sem við þurfum að mæta betur? Hvernig ætlum við að gera það?

Við ræðum um hverja einustu hátíð sem haldin er á fyrsta starfsmannafundi eftir hátíðina. Litið er tilbaka og skoðað hvað gekk vel og hvað mætti betur fara og skráum það niður. Þetta plagg er svo skoðað þegar hátíðin er undirbúin árið eftir.

Við viljum vera í góðum tengslum við foreldrana í leikskólanum. Oftar en ekki hringjum við í þá til að heyra aðeins í þeim og alltaf sé eitthvað í gangi hjá barninu sem við viljum heyra meira um. Foreldrum er alltaf velkomið að hringja í okkur utan vinnutíma. Það gerist þó sjaldan.

Við það að lesa mannspeki Steiners er alltaf ákveðin endurmenntun í gangi og við hana vakna alltaf nýjar spurningar og vangaveltur um hvort við séum að gera hlutina eins vel og hægt er. Starfsfólkið les viku- og dagavers á morgnanna auk þess að spjalla aðeins saman, t.d. um gærdaginn eða daginn sem er að byrja, til að vera alveg tilbúin þegar börnin koma. Á starfsmannafundum er einnig tekið fyrir eitthvað málefni og lesið saman. Mislengi eftir hvað tími er fyrir.

15.2 Sérkennsla

Í námskrá leikskólans er lögð áhersla á að hvert einstakt barn fái að þroska með sér sín sérkenni í félagslegu samneyti. Leitast er við að taka mið af hverju barni fyrir sig

og skapa þær aðstæður að barninu líði vel hvort sem er í athöfnum sem stjórnað er af þeim fullorðnu eða í leik barnanna. Skapað er svigrúm í deginum til að geta mætt sérþörfum einstakra barna ef þannig ber undir. Starfsmenn leggja áherslu á góð samskipti og uppbyggilega samvinnu milli heimilis og leikskóla. Í starfi leikskólans er ríkuleg og markviss áhersla lögð á hreyfingar, bæði fín- og grófhreyfingar, málörvun og félagsþroska barnanna. Ef talin er þörf á sérfræðingi, svo sem talmeinafræðing, sálfræðing eða aðra, eru viðeigandi ráðstafanir gerðar og viðkomandi boðaður í heimsókn eða annað sem hentar. Leikskólastýra hefur samband við fagaðila hjá Kópavogsbæ þegar þurfa þykir.

15.3 Starfsfólk

Við leggjum mikla áherslu á að hver einstaklingur í starfsmannahópnum fái að njóta sín sem best og sé virkur þátttakandi í starfinu. Mikilvægt er að í fyrirrúmi séu opin og góð samskipti milli fólks og að eining ríki um ákvarðanir sem teknar eru. Áhersla er lögð á opin, heiðarleg og jákvæð samskipti. Er eitthvað er að trufla okkur þá er talað um það.

Á starfsmannafundum tölum við reglulega saman um líðan okkar í starfi, álag eða annað sem á okkur liggur tengt vinnunni. Eins má alltaf biðja um samtal við leikskólastjóra eða starfsmannavernd. Leikskólastjóri er með starfsmannaviðtöl einu sinni á önn, í nóvember og mars. Í þeim er farið yfir líðan starfsfólks og punkta frá þeim og leikskólastjóra. Einnig er rætt um ef eitthvað má betur fara.

Á sameiginlegum fundum starfsfólks leikskólans er hið innra starf skipulagt, verkefnum útdeilt og litið til baka á viðburði o.fl. Á þessum fundum hafa allir möguleika á að koma með hugmyndir og útfærslumöguleika þeirra í starfi með börnunum og/eða aðrar hugmyndir varðandi starfið í heild sinni.

Nýir starfsmenn fá mánaðar aðlögunartíma þar sem þeim er gefið tækifæri á því að aðlagast skólanum og starfinu og einnig fá nýjir starfsmenn handleiðslu reyndari starfsmans. Ekki er lagt upp með að nýjir starfsmenn stjórni söng, hringleik eða ævintýrastund fyrsta mánuðinn.

Ef upp koma erfiðleikar í samstarfi, sem ekki er hægt að leysa innanhúss, er talað við Kópavogsbæ og sálfræðingur fenginn í málið.

Við leitumst við að gera hluti saman. Hittumst saman fyrir utan vinnu, t.d. á kaffihúsi eða í sumarbústað saman.

15.4 Forráðamenn

Foreldrakönnun er gerð annað hvert ár. (Sjá að auki 11.3).

16 Öryggismál

Eldvarnaræfingar eru haldnar í skólunum reglulega.

Skyndihjálparnámskeið er haldið á tveggja ára fresti.

Í skólunum báðum er öryggisnefnd. Hana skipa öryggistrúnaðarmaður Yls og skólans auk foreldra. Hlutverk þeirra nefndar er að sjá til að öryggis sé gætt hvívetna og að vinna að úrbótum þar sem þeirra er ábótavant. Í nefndinni situr.

17 Öryggisnefnd

Öryggisnefnd hittist að lágmarki einu sinni á ári. Öryggisnefndin:

- sér um gerð handbókar skólans/leikskólans vegna öryggismála; Vörn gegn vá. Sér um uppfærslu á henni árlega og endurnýjun handbókar á 5 ára fresti.
- heldur utan um neyðarbúnað skólans/leikskólans og árlegt viðhald hans.
- skipuleggur og heldur utan um árlega æfingu að hausti vegna rýmingar húsnæðis og rútu.
- skipuleggur slysavarnarnámskeið fyrir starfsmenn sem haldið er að lágmarki annað hvert ár. Það er skyldumæting fyrir starfsmenn á námskeiðið.
- kemur með tillögur að og skipuleggur slysavarnanámskeið fyrir nemendur eins og starfsmannaráð ákveður hverju sinni.
- fjallar um og gerir áætlun ef nýja vá ber að höndum.
- fjallar um áhættumat í vinnuvernd sem gert er árlega.
- lítur á slysaskráningu hjá leikskóla og skóla, fer yfir og gerir tillögur til úrbóta.
- heldur utan um niðurstöður frá eftirlitum (slökkvilið, heilbrigðiseftirlit og vinnueftirlit), kynnir fyrir starfsmannaráði og sér til þess að gengið sé eftir úrbótum í samráði við húsanefnd.

18 Áfallaráð

Í áfallaráði situr allt starfsfólk Yls. Ef áföll verða er notast við áætlun um viðbrögð við áföllum sem er sameiginleg með skólanum.

Efnisyfirlit - Mat á skólastarfi, starfsáætlun síðasta starfsárs

1 Skólastarfið svo sem þema og áhersluþættir

2 Barnasáttmáli

3 Heimsmarkmið

4 Námssvið

5 Mat og matsaðferðir

6 Börn

7 Sérkennsla

8 Mat forráðamanna

9 Samsetning starfsmannahópsins

10 Mat starfsmanna

11 Þróunar- og nýbreytnistarf

12 Skipulagsdagar

13 Endur- og símenntun

14 Fundir

15 Samstarf

16 Þátttaka í rannsóknum

17 Nemar

18 Viðhald

19 Öryggismál

1 Skólastarfið

Síðasta ár hófst vel og gekk starfið vel út október. Við fengum t.d. þrjá yndislega nema til okkar. En svo veikist einn starfsmaður og fer í veikindafrí sem varði restina af skólaárinu. Annar starfsmaður veiktist líka illa af flensu og var mikið frá vegna hennar af og til í 3-4 mánuði. Þetta olli að sjálfsögu álagi á leikskólann og þá sem eftir stóðu, auk þess sem veikindin voru erfið fyrir starfsmanninn sjálfan sem er afar samviskusöm og vinnusöm manneskja. Í janúar 2022 reið svo loksins Covid yfir leikskólann en við höfum alveg sloppið fram að því. Þá neyddumst við til að loka leikskólanum í viku. Nánast strax í kjölfarið skall á óveðursbylgja sem varði meira og minna allan febrúar. Sex rafmagnsstaurar brotnuðu og þurfum við að færa starfsemina út úr húsinu á meðan á viðgerð stóð, en við fengum inni hjá Hjálpræðishernum. Það var björgun og ævintýri út af fyrir sig, en álag líka engu að síður. Eins þurfti alla mánudaga í febrúar að byrja morgnana á að komast að því hvort fært væri í leikskólann. Mikil snjóþyngsl voru í Lækjarbotnum og þegar við vorum í útiveru ferjuðum við börnin inn um gluggana til að skreppa á salernið, þar sem það var þægilegra en að ganga hringinn í kringum húsið. En það var nú bara ævintýri og gaman. Við vorum stoltar af því hve vel við stóðum okkur við að halda uppi starfinu í vetur því veturinn var sannarlega erfiður. Daglegt starf og hátíðir gengu vel og tókst okkur að halda vel utanum börnin þrátt fyrir erfiðar aðstæður. En fyrir vikið fór evt minna fyrir annari starfsemi svo sem skoðanakönnun fyrir foreldra o.fl. þess háttar. Það fékk að víkja fyrir gólfvinnunni og beinni vinnu með börnin sjálf.

2 Barnasáttmáli

Engar sérstakar áherslu voru á barnasáttmálann á síðasta leikskólaári, nema hvað varðar almenn viðhorf, sjá 3 Barnasáttmáli.

3 Heimsmarkmið

Sjá 4 Heimsmarkmið.

4 Námssvið

Í síðustu ársskýrslu settum við fram umbótaáætlun fyrir leikskólaárið sem er nú liðið. (Sjá 11 Þróunar- og nýbreytnistarf)

5 Mat og matsaðferðir

Símat fór fram á vikulegum starfsmannafundum á leikskólanum. Þá er m.a. litið til baka á vikuna; Hvernig var? Eru einhver börn sem við þurfum að fylgjast sérstaklega

með? Kom eitthvað upp á sem þarf að ræða? Þurfum við að breyta einhverju? o.s.frv. Eins er litið tilbaka á yfirstaðnar hátíðir, vinnudaga, foreldrafundi, basarundirbúning eða aðra viðburði. Þá eru viðburðirnir ræddir og skráðir punktar fyrir næsta skipti, hvort við viljum breyta einhverju eða laga. Eins hvað var gott og við viljum halda áfram með.

Fundir með skólanum voru einu sinni í mánuði síðasta skólaár í stað leikskólafundar.

Á síðasta leikskólaári var ákveðið að halda áfram að leggja frekar áherslu á að styrkja innra starf leikskólans og þróun hans í stað nýbreytni. Varðandi framkvæmd þessara markmiða sjá **11 Þróunar- og nýbreytnistarf.**

6 Börn

Á Yl er pláss fyrir tuttugu börn. Á síðasta ári voru 14 börn á eldri deildinni og 6 á þeirri yngri. Börnin fara yfir á eldri deild við c.a. 3 ára aldur, eða um leið og það er tilbúið. Á eldri deildinni voru börn saman frá 3 til 6 ára. Yngri deildin er ungbarnadeild, þar voru börnin 2ja til 3 ára gömul. Þó erum við mikið saman líka. Þegar börnin voru hætt að sofa fóru þau e.t.v. út eftir hádegi með þeim eldri. Eins gat alveg komið fyrir að nokkur eldri barnanna hafi fengið að leika inni á yngri deildinni og öfugt. En miðað var við að færri börn væru í ungbarnarýminu og þar ríki ró. Öll börnin voru í leikskólanum frá kl. 8 - 15:30.

Á Yl voru tvö tékknesk börn. Í einu tilviki eru báðir foreldrar tékkneskir, en í einu er faðirinn frá Moldavíu. Við vorum með tvö þýskumælandi barn, móðir annars barnsins er þýsk einstæð móðir, hitt barnið á íslenskan föður og þýska móður.

7 Sérkennsla

Sjá **15.2 Sérkennsla**

Starfsárið 2020-2021 hefur ekkert barn verið tekið afsíðis í sérkennslu. En nokkrum börnum var fylgt eftir hvað málörvun varðar. Örvunin fór fyrst og fremst fram í aukinni meðvitund í hvernig við töluðum við börnin. Að við töluðum nægilega mikið við þessi börn á hverjum degi og notuðumst við þær ráðleggingar sem við höfum fengið árið áður frá Margréti Samúelsdóttur talmeinafræðing. Hún hafði um haustið tekið eitt barnanna í máþroskapróf. Öll þessi vinna var alltaf fléttuð inn í daglegt starf og líf í leikskólanum.

Almennt séð eigum við það til að leyfa einu og einu eldra barni að fylgja hrynjanda yngri barnanna, finnum við að þess er þörf. Börnin hafa mismunandi dagsform eins og aðrir og gott er að geta tekið svona ákvarðanir spontant í deginum til að mæta

þörfum barnanna sem best. Eins veljum við stundum nokkur börn úr til að gera sérstök verkefni með kennara þegar við finnum að það er þörf á því. Barnaathugunin okkar er gott tæki að hafa til að skoða ólíkar þarfir barnanna.

8 Mat forráðamanna

Engin foreldrakönnun var gerð í ár.

9 Samsetning starfsmannahópsins

Starfsmenn leikskólans Yls voru fimm í upphafi árs. Leikskólastjóri í 100% starfi (80% á gólfi, 20% við önnur störf), tveir deildarstjórar í 100% starfi, leiðbeinandi í 100% starfi og leiðbeinandi í 60% starfi. Starfsmenn í eldhúsi 20%. (Sjá **12.3 Samsetning starfsmannahópsins**).

Þegar haustið hófst vorum við fimm starfsmenn. En í nóvember eru báðir leiðbeinendurnir ekki lengur við vinnu, einn farinn í veikindaorlof og hinn hættur. Í janúar réðum við nýjan starfsmann sem sagði upp innan mánuðar en vann þó hjá okkur út marsmánuð. Notuðumst við við afleysingar restina af skólaárinu.

10 Mat starfsmanna

Engin formleg könnun hefur farið fram í ár á líðan starfsfólks eða mat starfsmanna á leikskólastarfinu. (Sjá að öðru leyti **15.3 Starfsfólk**).

11 Þróunar- og nýbreytnistarf

Á síðasta leikskólaári var ákveðið að halda áfram að leggja frekar áherslu á að styrkja innra starf leikskólans og þróun hans í stað nýbreytni. Varðandi framkvæmd þessara markmiða sjá **5 Mat og matsaðferðir.**

Samstarf og vinnuálag:

Samin voru í fyrra ný kjörorð og lögð mikil áhersla á góða samvinnu. Áherslan var lögð á fagleg og heiðarleg samskipti. Notast á við þriggja daga regluna; að ganga aldrei lengur en þrjá daga með pirring eða annað í garð samstarfsaðila án þess að tala við hann. Mikil áhersla lögð á hugrekki, hlustun og kærleika í samskiptum. Talað var um þetta á fundum og í haust voru samtalstímar hvers starfsmanns við leikskólastjóra. Eins er alltaf hægt að leita til starfsmannaverndar sem er nefnd sem sinnir bæði leikskólanum Yl og Waldorfskólanum Lækjarbotnum.

Við ætluðum að halda áfram að sinna góðum anda vinnustaðarins og útfrá reglunum hér að ofan. Ætlunin var að vera duglegar að hittast eftir vinnu, fara t.d. upp í sumarbústað saman o.fl. Það er óhætt að segja að það hafi ekki gengið eftir þar sem vinnuálagið í vetur varð töluvert. Þetta skólaári fór einfaldlega allur fókus í að láta vinnuna á gólfi ganga upp. Þetta var vetur farsótta, veikinda og veðurofsa svo það var því miður lítill afgangur fyrir að hittast eftir vinnu.

En við höfum unnið áfram að því að nota hugrekki, hlustun og kærleika í samskiptum. Það reyndi á það í vetur vegna þess hve erfiður hann var. Og við komumst í gegnum hann saman. Við þrjár sem héldum saman uppi starfseminni komumst að því að við erum afskaplega gott teymi. Fyrst við gátum þennan vetur þá getum við allt!

Skriffinska, aðstaða og leikföng:

Í vetur hafði leikskólastjóri fáa skrifstofudaga í ljósi þess hve krefjandi veturinn var. Verkefnin sem unnust voru aðallega samskipti við foreldra, svo sem símtöl og vikupóstar auk undirbúnings starfsmannafundanna og bréfasvörun. Önnur verkefni eins og heimasíðan og betrumbætt öryggisáætlun fengu því miður enga athygli. Þau markmið hafa ekki náðst enn.

Litla eldhúsið/vinnuaðstaða og geymslan okkar hefur reynst okkur ansi óþægur ljár í þúfu en í september lekur það aftur. Vegna þessa tafðist öll sú tiltekt í kössum, pappírum o.fl. sem til stóð sjá: **18 Viðhald**

Varðandi leikföng fyrir leikskólann þá fór líka lítið fyrir því. Við náðum að búa til afmælisgjafirnar en börn sem verða 3ja ára fá prjónuð dýr að gjöf og 4 ára fá prjónaða dúkku. Nokkrar kórónur voru líka gerðar en betur má ef duga skal. Vonandi verða ekki fleiri lekar næsta árið og vonandi verðum við fullmannaðar og frískar!

Kynningarstarf:

Opnu fésbókarsíðunni var sinnt vel í vetur þrátt fyrir tímaleysi. Myndir af starfinu frá flestum mánuðum ársins voru settar inn. Heimasíðan gengur hægt en þó er verið að

þýða texta inn í hana, safna saman efni og myndum. Svo erum við langt komnar með lítinn 8 bls. kynningarbækling (A5) sem er hugsaður sem allra fyrsta örkynningin á leikskólanum og starfinu okkar. Stefnt er að útgáfu hans fyrir opið hús að vori.

Ævintýri, hringleikir og söngvar:

Það varð ekki mikil endurnýjun í ár. En það gerði lítið til þar sem við eigum mikinn fjársjóð af söngvum, leikjum og ævintýrum.

Samskipti við foreldra:

Beinum samskiptum við foreldra fjölgaði aðeins á árinu þar sem landslagið fór að breytast smám saman frá síðasta vetri hvað Covid varðar. Við fundum það greinilega að farsóttin hafði sett mark sitt á foreldra, þrátt fyrir hve vel okkur hefur tekist að hafa opið í gegnum öll þessi Covid ár. Óánægja greip um sig hjá litlum hóp foreldra eftir erfiðleikana í janúar og febrúar þar sem hvert tók við af öðru; fyrst Covid, svo rafmagnsleysi og veðurofsi sem olli því að óvissa var um rútuferðina alla mánudaga í febrúar. En starfsemi hélst þó alla þessa mánudaga þrátt fyrir að verða skert einhverja daga. Við tókum á stemningunni meðal þessa hóps með bréfaskriftum til allra foreldra þar sem hvöttum til jákvæðni og samstöðu. Þá fundum við fyrir samstöðu í hópnum og fólk jafnaði sig smám saman. Á vorskemmtuninni/útskrift elstu barnanna um vorið var afskaplega góð stemning og allir glaðir. En það er mikilvægt að hafa foreldrakönnun núna næsta árið.

Vikuleg verkefni og verkefni tengt hátíðum:

Minna var um að líta til baka á hátíðir í ár þar sem oft þurfti að ræða önnur mikilvægari mál sem gengu fyrir. Það gerði þó ekkert til, við eigum orðið fín plögg um hátíðirnar, bæði undirbúningsáætlanir og eldri "afurábakblik" þar sem við höfum lært af reynslu fyrri hátíða. Þar sem hátíðirnar eru langoftast við svipuðu sniði þá nýtast þessi göng mjög vel. Við látum fylgja hér með sem fylgiskjal gögnin sem við eigum fyrir Öskudaginn; hvað þarf að undirbúa, hvernig hátíðin fer fram, ævintýri dagsins og lög og afturábakblik. **(Sjá fylgiskjal 4).**

Áætlun um viðbrögð við áföllum:

Ekki náðist að klára að yfirfara þessa áætlun á árinu. Ástæðan er einfaldlega sú leikskólastjóri hefur einfaldlega ekki nægilegan tíma á skrifstofunni til að sinna öllu því sem hann þyrfti að gera. Þessi áætlun verður því aftur á dagskránni fyrir þetta skólaár.

12 Skipulagsdagar

Skipulagsdagarnir okkar voru sem hér segir:

Föstudaginn 24. september 2021

Mánudaginn 22. nóvember 2021

Mánudaginn 3. janúar 2021

Mánudaginn 21. mars 2021

Föstudaginn 27. maí

Föstudagurinn 24. september var frídagur. Kom hann í stað miðvikudagsins í sömu viku en þann dag vinna allir lengur fram á kvöld við undirbúning Mikjálshátíðarinnar sem var á fimmtudeginum.

Þann 2. nóvember voru starfsmenn sömuleiðis í fríi. Mikil skipulags- og undirbúningsvinna hafði farið fram í vikunum fram að jólabasar, m.a. tvö kertakvöld með foreldrum. Þrátt fyrir að basarinn hefði verið á netinu í ár var vinnan samt nokkur.

Mánudagurinn 3. janúar fór í heildarskipulag vorannarinnar.

Helgina 18. - 20. mars fór starfsfólk leikskólans og Waldorfskólans í Lækjarbotnum saman að Sólheimum í Grímsnesi. Fór helgin í fundi, símenntun og skemmtun saman. Snertiflötur skólanna var efnið: "Hvernig skóli viljum við vera"? Allir unnu sameiginlega, bæði saman og í hópum, að því að skilgreina hvernig við sjáum skólana okkar. Waldorfskólar hafa ákveðna sýn á manneskjuna og hvernig við getum sem best mætt börnunum á mismunandi aldursstigum. En það getur verið misjafnt hvað í uppeldisfræðinni talar til manns og langar okkur að skilagreina okkur betur. Starfið tókst mjög vel til. Mjög margt skemmtilegt kom fram og margar spurningar vöknuðu. Það er á dagskránni að halda þessu samstarfi áfram. Mánudagurinn 21. mars var frídagur eftir helgina.

Miðvikudaginn 25. maí unnum við fram eftir, eftir vinnu, við að skipuleggja vorhátíðina okkar. Ræddum stöðuna á skólahópsverkefnunum og öðru sem þurfti að skipuleggja fyrir hátíðina. Eins var fundað almennt um hitt og þetta. **Föstudagurinn 27. maí** var klemmudagur og við tókum frí þá í staðin fyrir miðvikudaginn.

13 Endur- og símenntun

Kerstin E. Andersson fyrrverandi waldorfkennari við skólann og núverandi amma í leikskólanum kom til okkar á foreldrafund og talaði um mikilvægi varma/hlýju í æsku. Hún kom með olíur með sér og hægt var að fá og/eða gefa fótanudd. Var gefandi bæði fyrir starfsfólk og foreldra.

Leikskólastjóri sótti útskurðarnámskeið hjá Handverkshúsinu í janúar 2022.

Henk Jan Meyer waldorfkennari með meiru, kom til okkar vorið 2022 og hélt fyrirlestur og fundaði með starfsfólki. Fundurinn hafði yfirskriftina: "Hvernig ölum við upp börn í dag? Tímarnir hafa breyst og mennirnir með, hvaða áherslur eru uppi á teningnum í uppeldi í dag? Hvernig sjáum við börnin, hvað þurfa þau á að halda og hvernig getum við sem best mætt þeim"?

Fyrirlesturinn gaf góða innsýn í vinnu og samstarf við foreldra. Höfum við hug á að halda samvinnunni við Henk Jan áfram og hafa m.a. fyrirlestur fyrir foreldra á næsta skólaári.

14 Fundir

Einu sinni í viku fundaði allur leikskólinn saman frá 16 - 18:00/18:30. Þá fundatíma sem leikskólinn hefur útaf fyrir sig er unnið með barnaathugun, uppeldisfræðin lesin, innra starf leikskólans skipulagt og unnið með endurmat. Ætlunin var að tala líka reglulega um eigin líðan í vinnunni og skoða hvort álag sé of mikið og hvort og hvernig væri hægt að breyta og bæta starfsumhverfið öllum til hagsbóta. Það var gert eftir þörfum.

Einn fundur í mánuði var sameiginlegur með leikskóla og skóla, sem Ingibjörg sótti. Á sameiginlegum fundum er tekið á málum sem snerta starfsemina í heild sinni auk samlesturs og listrænnar iðkunnar.

Leikskólastjóri skipulagði fundardagskrá sameiginlegu fundanna í sameiningu með fundanefnd Waldorfskólans.

Stuttir nefndarfundir voru líka haldnir á undan sameiginlega fundinum með skólanum. Ingibjörg var í Oikos/húsanefndinni, sem sér t.d. um mál tengd

húsnæðinu, öryggismál o.fl. og Edda sat í Menningarnefnd, sem sér m.a. um jólabasarinn.

Auk fastra funda á fimmtudögum var fundað í minni hópum í tengslum við hin ýmsu ábyrgðarsvið sem starfsfólk tekur að sér. Þessir hópar ákváðu saman hve oft og hvenær hentaði að hittast.

15 Samstarf

Lítið var um samstarf við aðra á árinu. Að öðru leyti sjá **14 Samstarf við aðra**.

16 Þátttaka í rannsóknum

Engin þetta síðasta skólaár en erum að taka þátt í einni rannsókn núna í haust.

17 Nemar

Við fengum þrjá nema í ár frá Háskólanum á Akureyri. Þær voru í 5 daga í október hjá okkur.

Eins fengum við nema frá leikskólakennaraskólanum í Notodden í Noregi. Hún er íslensk en býr í Noregi. Hún var hjá okkur í þrjár vikur frá 28. feb. - 18. mars 2022.

18 Viðhald

Viðhald á leikskólanum og umhverfi hans er annars vegar í höndum Kópavogsbæjar og hins vegar foreldra og kennara. Einu sinni á önn er vinnudagur Yls og á þeim dögum mæta foreldrar leikskólans þeirra og sinna því viðhaldi sem þarf hverju sinni. Eins eru búnir til nýjir hlutir og/eða aðstaða fyrir börnin.

Á vinnudegi vorannar var mikið gert að venju.

- Lítið borð var útbúið fyrir framan leikkofann en búið var að setja niður drumbana í kringum það (og drumb sem borðfót) á vinnudeginum haustið áður.
- Sóttir voru nýir drumbar sem voru settir niður meðfram sandsvæðinu í litla garði. Náðist þó ekki að klára verkið alveg.
- Lítil eldavél var útbúin á útieldhúsið; fjórar trjáskífur boraðar niður á borðplötuna og fjórir takkar sem hægt er að snúa settir framan á listann meðfram borðplötunni.
- Búið var að helluleggja hluta af svæðinu fyrir framan útieldhúsið. Núna var haldið áfram að undirbúa jarðveginn fyrir áframhaldandi hellulögn. Grafin var

djúp hola og í boga inn í hlíðina. Holan var svo fyllt með grófri möl. Planið er að halda svo áfram með svæðið næst með því að setja hellusand og helluleggja. Síðan koma trébekkir meðfram hlíðinni sem börnin geta setið á. Þessi verkefni verða áfram á næstu vinnudögum.

- Torfi og grjóti var raðað inn undir rennibrautina en það var farið að renna töluvert af jarðvegi undan henni. Eins voru staurar reknir niður með henni og festir inn í hlið hennar til að styrkja enn frekar. Planið (á síðari vinnudögum) er að gera tröppur upp brekkuna öðrumegin en kaðal hinu megin til að hífa sig upp á.
- Staurar voru reknir niður með fram nýgróðursettum trjám og strigi heftur utan um þá til að vernda trén fyrir veðri og börnum.
- Litla eldhúsið var flísalagt.

Það var sagan endalausa með litla eldhúsið/vinnuaðstöðuna okkar í vetur en leki kom aftur upp í september. Það kom þó í ljós, sem betur fer, að engin mygla hafði náð að myndast, a.m.k ekki skaðleg mygla. Það var líka léttir að nýja innréttingin bjargaðist. Trégólf sem búið var að leggja ofan á flotgólfið var rifið af ásamt part af sökkli undir innréttingunni. Öllu í eldhúsinu var pakkað niður og sett í geymslu. Eftir að búið var að komast að því að engin mygla væri og allt væri orðið þurrt var hægt að koma innihaldinu aftur fyrir. Á vinnuhelgi vorsins var flísalagt.

Foreldri í leikskólanum vann fyrir leikskólann í sumarfríinu upp í leikskólagjöld. Partketið í báðum stofunum var slípað vel upp og olíuborið. Sökkull var settur undir innréttinguna og sandsvæðið í litla garði var klárað.

19 Öryggismál

Engin slys urðu á síðasta starfsári.

Efnisyfirlit - Umbótaáætlun næsta skólaárs

1 Skólastarfið

2 Barnasáttmáli

3 Heimsmarkmið

4 Námssvið sem var metið, umbætur

5 Matslistar - umbótaáætlun

6 Börn

7 Sérkennsla

8 Foreldrakönnun

9 Samsetning starfsmannahópsins

10 Starfsmannakönnun, starfsmannasamtöl

11 Þróunar- og nýbreytnistarf á næsta ári

12 Skipulagsdagar, dagsetningar og dagskrá

13 Endur- og símenntunaráætlun

14 Fundir

15 Rannsóknir

16 Samstarf

17 Nemar

18 Viðhald

19 Öryggismál

20 Lokaorð

1 Skólastarfið

Munum við halda áfram á næsta ári að fara eftir námskránni okkar fyrst og fremst. Frjálsi leikurinn er í fyrsta sæti og mun það seint breytast. Við munum halda áfram að vera með verkefni þar sem börnin fá að nýta skynfæri sín til sín ýtrasta, upplifa náttúruna á fjölbreyttan hátt, stuðla að sjálfbærni í gegnum vinnu daglegt líf og störf, stuðla að félagsfærni og hæfni til að vera hluti af hóp/heild í gegnum söng og leiki þar sem allir eru með, þjálfa hlustun m.a. í gegnum ævintýrafrásagnir og búa að árshrynjanda sem endurtekur sig aftur og aftur, ár eftir ár, með sömu hátíðir tengdar árstíðinni og þroska barnanna o.s.frv. (Sjá **6 Námskrá - stefna - uppeldislegar áherslur**).

Hvað varðar nýjungar í skólastarfinu þá viljum við halda áfram að útbúa okkur gott útisvæði í samvinnu með foreldrum. Við erum einstaklega heppin með afar áhugasama foreldra og færa þegar kemur að smíðavinnu, svo eitthvað sé nefnt. Á síðasta ári var ýmislegt gert á útisvæðinu (Sjá **18 Viðhald**).

Það gleymdist að skoða markmiðin úr síðustu árskýrslu þegar kom að plani fyrir útisvæðið okkar þar sem þau verkefni sem stefnt var að fyrir næsta skólaár voru ekki framkvæmd. Við erum greinilega mjög spontant þegar kemur að verkefnum fyrir garðinn okkar og höfum eiginlega ekki undan hugmyndaflóðinu þegar kemur að draumum okkar um hvað okkur langar fyrir börnin á svæðinu. En verkefnin eru bara geymd, en ekki gleymd. Við verðum líka að vera sveigjanleg með verkefni eftir hvaða krafta foreldrarnir hafa, hversu færa smiði við höfum í þeirra hópi o.fl.

Hér fyrir neðan þar sem var gert á vinnudegi haustsins 2022:

- Nýr sandur settur í sandsvæðið í litla garði, sem núna er lagður drumbum næstum því allan hringinn (þarf að setja niður fleiri næst). Í sandsvæðinu hafði verið grófur sandur sem hafði verið til á svæðinu. Foreldrar og börn mokuðu honum öllum upp úr, ríflega hálfan meter niður í jörðina. Síðan var fínni sandur sóttur og starfsliðið góða mokaði honum öllum niður í hjólbörur og svo ofan í sandsvæðið. Mjög mikil vinnugleði einkenndi þetta skemmtilega verkefni.

- Foreldri straujaði allar Mikjálsskikkjurnar okkar og öll silkin sem notuð eru fyrir ævintýrastundia.
- Svæðið fyrir framan leikskólann var arfahreinsað og snyrt og allir gluggar þrifnir að utan og innan.
- Anddyrið var tekið í gegn. Starfsfólk vann lengur á föstudeginum við að rífa niður allar hillur og snaga, sparsla og mála eina umferð. Á vinnudeginum mættu nokkrir foreldrar snemma og máluðu aðra umferð. Síðan voru snagarnir og hillur festar upp aftur en með aðeins öðruvísi sniði. Snagar barnanna voru lækkaðir og tvær hillur festa upp á hvorn vegginn, í stað einnar áður. Nýjar skógrindur voru smíðaðar og nýtt teppi keypt á anddyrið. Hluti skólahópsins hjálpaði við að rúlla upp gamla teppinu, sópa anddyrið og rúlla út nýju mottunni - mjög stolt börn eftir þá vinnu.
- Borðið sem sett var upp við leikkofann var styrkt með nýrri plötu.
- Eldavélin sem hafði verið útbúin á fyrri vinnudegi var lagfærð og ofni með tveimur ofnplötum bætt við. Eins var útbúin pottahilla undir borðinu og tvær hillur fyrir ofan borðið settar upp.
- Borðplatan í litla eldhúsinu var pússuð upp og olíuborin.
- Snúra fest á snúrustaurana í litla garði.

Hér eru verkefnin sem, sum hver, voru talin upp í síðustu árskýrslu og verða hér með sett inn á planið fyrir vinnudagana næstu árin:

- Útbúa sullu-vatnsbraut í brekkuna frá græna húsinu og niður að leik-eldhúsinu í stóra garði. Þetta verkefni er metnaðargjarnt og þarf að úthugsa verkfræðilega. Kannski fáum við foreldrana með okkur í lið til að leysa þetta verkefni.
- Skapa til framtíðar meira skjól á leiksvæðinu, aðallega í stóra garði. Það getur verið mikið rok í austanáttinni sem er afar lýjandi fyrir lítil börn á stóru leiksvæði.
    - Hugsunin er að gróðursetja runna og svo tré fyrir framan þá smám saman í boga suðaustan við leiksvæðið.
    - Önnur skjólverkefni er t.d. að útbúa skýli fyrir aftan leik-eldhúsið. Moka aðeins úr brekkunni þar og gera grind sem nær frá hillunni yfir eldhúsinu og yfir í brekkuna. Útbúa jafnvel greinafléttur eða vafningar úr víði ofan yfir og undir grindina sem þak. Þarna væri hægt að leita skóls, leita og hafa kósý horn í miklum veðrum.
    - Okkur langar í framtíðinni í fleiri leikkofa, eða fallegan kastala með göngubrú jafnvel.
    - Koma fyrir stóru röri, t.d. steyptu, sem hægt er að skríða inn í og gera fallega brekku ofan á.

- Gera vegasalt
- Útbúa safnhaug nær leikskólanum. Langar okkur at útbúa svokallað "Keyhole Garden" sem er upphækkað beð með safnhaugsröri. Ofan á beðinu væri t.d. hægt að rækta kryddjurtir. Við erum nú þegar með kryddjurtagarð með blómum, rabbarbara, hundasúrum, myntu ofl. kryddjurtum en viljum hækka hann og breyta í safnhaug í leiðinni. Börnin missa oft af því að setja í safnhauginn því þau eru í leik og vilja ekki koma með í göngutúrinn að haugnum. Sem við erum ekki að ganga á eftir þar sem þetta er svolítill spölur í öllum veðrum. Þegar safnhaugurinn er kominn nær er þetta upplagt skólahópsverkefni allan ársins hring.
- Koma fyrir almennilegum útiruslafötum fyrir flokkað rusl á útisvæði. Inn á milli þarf að henda ónýtum skóflum, beygluðum pottum og öðru svo sem snýtipappír o.fl.

2 Barnasáttmáli

Sjá **3 Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna.**

3 Heimsmarkmið

Sjá **4 Heimsmarkmið og 7.3 Sjálfbærni og vísindi**

4 Námssvið sem var metið, umbætur

Atriði sem okkur langaði að bæta úr á síðasta ári voru eftirfarandi:

- Álag á vinnustaðnum
- Koma á skipulagðari pásum og undirbúning
- Rýna í starfsandann og vinna með hann - skoðanakönnun
- Koma á fót ungbarnadeild
- Reikna út hvort við pössum inn styttingu vinnuvikunnar
- Setja okkur færri markmið en reyna að ná þeim sem við setjum okkur

Hvernig gekk:

Álag, stytting vikunnar og ungbarnadeild: Í ljósi þess hve krefjandi veturinn var þá má strax segja að við náðum ekki því markmiði að minnka álagið á vinnustaðnum, ekki síðastliðinn vetur. Hins vegar er vinnuálagið töluvert minna nú á haustönninni og eru nokkrar ástæður fyrir því.

Ein ástæðnanna er að við tókum þá ákvörðun að stytta daginn um hálftíma. Fyrir þremur árum var leikskólinn lengdur um hálftíma og nú var það fært aftur í upprunalegan tíma. Ástæðurnar fyrir lengingunni á sínum tíma voru aðallega tvær: Til að yngstu börnin næðu hvíld og bita. Til að mæta þörfum foreldranna á lengri vistun. Ástæður þess að við tókum þessa lenginu til baka eru líka tvær: Minnka álag á starfsfólk þannig að undirbúningur náist og ná styttingu vinnuvikunnar. Og þörfin fyrir lenginguna er ekki lengur til staðar, við erum ekki lengur með börn sem þurfa að taka miðdegislúr og foreldrar hér eru langflestir hlynntir stuttum degi barnanna sinna.

Annað sem léttir undir álaginu er að frá haustinu núna erum við ekki lengur með tvær deildir. Við tókum þá ákvörðun að taka inn börn á leikskólann frá 3ja ára aldri, þrátt fyrir að enn eigi eftir að koma á fót ungbarnadeildinni. Þessi breyting kemur mjög vel út. Ekki þarf stanslaust að skipta börnunum upp í tvo hópa út frá aldri heldur getum við núna valið meira að gera það eftir verkefnum, svo sem skólahópsverkefnum, eftir löngun til að leika úti versus inni, eða eftir hverjir þurfa

meira á ró og nánd fullorðinna að halda o.sfrv. Eða hreinlega velja að leika öll saman í einum hóp. Mikið frelsi einkennir þessa breytingu og eins smellpassar þetta inn í uppeldisfræðina okkar. Börnin leika samskiptaleiki frá 3ja ára aldri og fyrr hentar í raun ekki að fá þau hingað uppeftir í rútu og á þetta stóra svæði sem við höfum hérna.

Við erum líka búnar að frysta það verkefni í bili að koma okkur upp ungbarnadeild. Við höfum nægu að sinna og viljum ekki teygja okkur of langt út fyrir leikskólann sjálfan í bili. Við þurfum að huga að heilsufari okkar sjálfrar líka. Við vonum að í nánustu framtíð gefist okkur tækifæri á að skapa þessa deild, t.d. í samstarfi við áhugasama foreldra. Nýta okkur krafta frá foreldrum sem eru tilbúnir að leggja vinnu í þetta verkefni. Við leggjum það fræ/þá ósk inn í framtíðina og sjáum hvort það festi rætur og blómstri.

Eitt atriði í viðbót sem einnig er ansi stórt. Við erum afskaplega sáttar við hversu heppnar við erum með starfsfólk. Tveir nýir starfsmenn byrjuðu í upphafi þessa skólaárs og gætum við sem fyrir erum ekki verið sáttari við þá. Þær (tvær konur) eru líka glaðar að vera hér og höfum við góða trú um að veturinn líði án þess að þurfa að fara í einhverjar mannabreytingar hér.

Undirbúningur og pásur: Það er hefð fyrir því í Waldorfleikskólum að vera alltaf með börnunum og taka ekki pásur eða undirbúning í deginum. Því viljum við breyta, en þó rytmískt þannig að börnin finni sem minnst fyrir þessu. Búið er að skipuleggja undirbúning starfsmanna núna á haustönninni og setja upp í skema. Pásur lítum við frjálslegra á. Við tökum þær í samvinnu þegar á þarf að halda og þegar tækifæri gefast.

Samstarf: Það gafst lítill tími í að rýna í samstarfið og starfsandann síðasta vetur, en við höfum farið vel af stað hvað þetta varðar á haustönninni núna. Við höfum tekist í sameiningu á þá samstarfsörðugleika sem við lendum í, t.d. í álaginu á vorönninni. Við erum svo fáar og vinnum náið svo undarlegt hefur virst að vera með skoðanakannanir - við höfum a.m.k. ekki gert þær ennþá. En það verður tekið betur upp í starfsmannasamtölunum sé ósk um könnun.

Við stöndum allar vel saman. Það hjálpar upp á að vera heiðarlegur með tilfinningar sínar þegar þær koma upp og höfum við gert það núna á haustönninni. Það er partur af vikulegu fundardagskránni okkar að taka upp líðan okkar og tilfinningar varðandi samstarfinu. Við vöndum okkur allar og viljum eiga gott samstarf þrátt fyrir að við séum ólíkar. Við gerum okkur svo vel grein fyrir því hversu jákvætt það er fyrir börnin að njóta okkar ólíku krafta og hæfileika.

Fá markmið: Við erum þeirrar skoðunnar að mikilvægast af öllu fyrir börnin á leikskólanum er nánd, ró, viðvera/nærvera, skemmtileg verkefni og heilbrigt starfsfólk. Við viljum því einfalda starfið okkar eins og hægt er t.d. með því að hafa fá stór markmið í einu.

- Þegar kemur að ytra starfinu þá munum við leggja áherslu á það núna að byggja upp heimasíðuna okkar.
- Eins munum við þurfa að leggja okkar af mörkum til að sjá til þess að nýji vegurinn að skólanum okkar verði ruddur. Kópavogsbær hefur ekki, þrátt fyrir ítrekaða fundarsetu með skólastjóra skólans hér á svæðinu, viljað taka að sér að sjá um veginn að vetrum. Höfum við neyðst til að lögsækja bæinn og hvaðeina, sem var afskaplega leiðinlegt að þurfa að gera! Þetta veldur að sjálfsögðu titringi og álagi á foreldra og starfsfólk. Í þessum rituðu orðum (miður október) mun starfsfólk og foreldrar leikskóla senda inn athugasemdir og ábendingar til skipulagssviðs Kópavogsbæjar hvað þetta varðar.
- Markmið þegar kemur að innra starfinu eru eftirfarandi:
    - Halda áfram að skapa ró og gleði í barnahópnum
    - Ýta undir sköpunargleði barnanna
    - Að starfsfólk njóti sín í vinnunni

5 Matslistar - umbótaáætlun

Á ár munum við halda áfram á sömu braut og við höfum verið á og verkefnin eru þau sömu og lesa má um í kafla **4 Námssvið sem var metið, umbætur.** Við notum fimmtudagsfundina okkar til að meta og skipuleggja innra starfið okkar og við ýmist gerum það munnlega og skráum það niður eftir þörfum. Umbætur okkar í ár munu aðallega snúast um sömu verkefnin og áður:

- Efla gott samstarf. Huga m.a. að símenntun. Okkur langar að fara saman í vinnuferð yfir helgi til Danmerkur á ársfund Waldorfleikskólanna þar.

- Bæta skipulag (svo sem undirbúning) og ytra umhverfi (litla kaffieldhúsið/leiksvæðið)

- Einbeita okkur að nánd, ró og skemmtilegum verkefnum með börnunum

6 Börn

Á Yl er pláss fyrir tuttugu börn, en þau eru í augnablikinu nítján. Börnin eru nú frá 3ja ára aldri en við tókum ákvörðun um að elda leikskólann og frá og með skólaárinu 2022-2023 verður leikskólinn frá 3ja ára aldri. Öll börnin eru í leikskólanum frá kl. 8 - 15:00.

Á Yl eru tvö þýsk börn. Í öðru tilvikinu er móðirin þýsk og einstæð, í hinu tilvikinu er faðir íslenskur og móðir þýsk. Eitt barnið á danska móður og annað á japanska móður. Bæði eiga þau íslenska feður.

Næsta haust fara 6 börn í skóla. Eitt barn mun hætta hér um miðjan október og fáum við inn nýtt barn í byrjun nóvember. Það barn er líka tvítyngt en það á breska móður. Eins mun annað þýska barnið okkar fara með foreldrum sínum og búa í Þýskalandi á vorönninni og munum við taka inn annað barn í staðin í byrjun janúar. Aðrar breytingar eru ekki fyrirhugaðar í barnahópnum þetta skólaár. (Sjá **fylgiskjöl 1 og 2**).

7 Sérkennsla

Tvær tilvísanir til sérfræðiþjónustu leikskóla eru í ferli í augnablikinu. Verið er að vinna í annari þeirra og var hin lögð inn til stoðþjónustunnar síðasta vor. Við höfum sjálfar unnið með börnin í náinni samvinnu við foreldra. Annað barnið þarf nánast enga aukalega aðstoð á meðan hitt þarf reglulega á aðstoð að halda í deginum, sem við náum að sinna. Bæði börnin eru í skólahóp.

8 Foreldrakönnun

Fyrirhugað er að leggja fyrir almenna foreldrakönnun í mars 2023. Verður lögð áhersla á samskipti í þeirri könnun. Viljum við leyfa foreldrum að vera með í að finna lausn á hvernig við aukum og bætum samskiptin þannig að allir megi vel við una.

9 Samsetning starfsmannahópsins

Við leikskólann starfa tveir starfsmenn í 100% starfi við stjórnunar- og skipulagsstörf ásamt vinnu á gólfi en einn í 90% starfi. Einn starfsmaður á gólfi í 80% stöðu og einn í 40% stöðu. Eins eru tveir starfmenn í 20% stöðu, gjaldkeri og eldhússtarfsmaður.

Menntun og starfsreynsla starfsmanna:

Ingibjörg Ósk Sigurjónsdóttir, waldorfkennari. Vinnur á gólfi og við stjórnunar- og skipulagsstörf í 100% starfi. Titill: leikskólastýra.

Menntun og námskeið:

Stúdent frá Flensborgarskólanum í Hafnarfirði 1992
Fornám í Myndlista- og Handíðaskóla Íslands 1992 - 1993
Myndlistarkennari frá Kennaraháskóla Íslands 1993 - 1996
Útskrift af Grafíkdeild Myndlista- og Handíðaskóla Íslands 1996 - 1999
Útskrift frá Sophia uddannelsen i København (Waldorfkennaranám) 2009 - 2012
Ingibjörg hefur að auki sótt fjölmörg námskeið í Waldorfuppeldisfræðum, m.a. nokkur vikulöng námskeið í Steinerhoyskolen í Osló og í Lille Hammershus á Sjálandi í Danmörku auk annara námskeiða á Íslandi og í Danmörku.

Starfsferill:

Ingibjörg hefur 15 ára starfsreynslu í leikskólastörfum, þar af í 13 ár á Waldorfleikskólum í Danmörku og á Íslandi, fyrir utan önnur störf áður fyrr, m.a. við kennslu í Waldorfskólanum Lækjarbotnum til 5 ára og eins við umönnun aldraðra til margra ára.

Edda Johnsen, waldorfleikskólakennari. Vinnur á gólfi og við stjórnunar- og skipulagsstörf í 90% starfi

Menntun og námskeið:

Stúdent frá Fjölbrautaskóla Suðurlands 1997
BA í Sagnfræði og landfræði í HÍ 2001-2005
Listfræði í HÍ 2005-2007
Waldorfleikskólakennaranám í Rudolf Steiner Børnehaveseminariet
í Charlottenlund, Danmörku 2011-2015.
Edda hefur að auki sótt mörg námskeið í Waldorfuppeldisfræðum m.a við Sophia uddannelsen i København og Steinerhoyskolen i Oslo

Starfsferill:

Edda hefur tíu ára starfsreynslu í Waldorfleikskólum, bæði í Danmörku og á Íslandi

Auður Eysteinsdóttir, kennari. Vinnur á gólfi og við stjórnunar- og skipulagsstörf í 100% starfi

Menntun og námskeið:

Háskólabrú Keilis 2013-2014
Menntavísindasvið Háskóla Íslands 2014-2019
B.ed í kennslu list- og verkgreina 2014-2017
M.ed í kennslu list- og verkgreina 2017-2019 (meistararitgerð ólokið)
Auður hefur setið marga fyrirlestra og námskeið tengd Waldorf uppeldisfræðinni, bæði hérlendis og í Noregi.

Starfsferill:
Waldorfleikskólinn Höfn (Sólstafir). Starfaði með 2-4 ára börnum frá feb.-ágúst 2006
Leikskólar Reykjavíkur Grænaborg. Leiðbeinandi með 3-5 ára börnum frá okt. 2007 - maí 2008
Waldorfleikskólinn Ylur Lækjarbotnum. Starfaði sem leikskólakennari og sá um daglegan rekstur, samskipti við yfirvöld, fundarhöld o.m.fl. Sat í leikskólaráði. Apríl 2008 - júní 2012
Bjó á Snæfellsnesi og vann ýmis störf frá júlí - des. 2012
Waldorfleikskólinn Ylur Lækjarbotnum frá. feb- júní 2013
Langholtsskóli. Myndmennta- og smíðakennsla barna frá 2. – 10. bekk 2016-2020
Auður hefur starfað mikið við þjónustu og í veitingabransa, unnið töluvert hjá ÍTR við ýmis störf s.s. sumarnámskeið, smíðavelli, með einhverfum einstaklingum, frístundaheimilum og skólagörðunum.
Waldorfleikskólinn Ylur Lækjarbotnum frá ágúst 2020.

Þórlaug Sæmundsdóttir, starfsmaður í 80% starfi

Menntun og námskeið:

Myndlistaskóli Reykjavíkur - *Diplóma í Textílhönnun*
Ágúst 2020 - Maí 2022

Myndlistaskóli Reykjavíkur - *Fornám*
Ágúst 2019 - Maí 2020

Háskólinn í Reykjavík - *Diplóma í ferðaþjónustu*
2009-2010

Fjölbrautarskóli Suðurlands - *Stúdentspróf*
Lokið 2007

Námskeið: Uppeldi sem virkar, Klárir krakkar, námskeið fyrir forráðamenn barna með kvíða.

Starfsferill:

Nordic Visitor - Reykjavík - *Ýmsar stöður*
2008- 2019

- Tók þátt í örum vexti fyrirtækisins frá 5 starfsmönnum í 90
- Síðustu 6 árin í stjórnendastöðum og framkvæmdarstjórn

Ísland- *Ýmis þjónustustörf*
1998 - 2008

- Verslanir, veitingastaðir, framleiðsla

Anna Lísa Jónsdóttir, starfsmaður í 40% starfi

Menntun og námskeið:

2022 Er í leikskólakennaranámi meðfram vinnu.

2021 Kennaranám í Krakka Núvitund. Námið veitir réttindi til að starfa sem Yoga kennari fyrir börn.

2013 Kennaranám í Krakka Yoga. Námið veitir réttindi til að starfa sem Yoga kennari fyrir krakka.

2011 - 2013 3HO foundation Kundalini Yoga kennaranám (Kri Level one qwuarian teacher program). Námið veitir réttindi til að starfa sem Yoga kennari.

2000 – 2001 Ferðamálaskóli Flugleiða Almennt nám um ferðaþjónustu. Skólanum lauk með Iata-prófi.

1997 - 1998 Viðskipta- og tölvuskólinn. Verslunarpróf.

1992-1994 Fjölbrautaskólinn í Ármúla Nám til stúdentsprófs en kláraði ekki.

Starfsferill:

2020 – Landakotsskóli, 5 ára bekkur. Almenn kennarastörf, umsjón með foreldrafundum, símaviðtöl við foreldra og stefnumótun og rekstur leikskólans.

2018-2020 Waldorfleikskólinn Sólstafir. Almenn kennarastörf, umsjón með foreldrafundum, símaviðtöl við foreldra og stefnumótun og rekstur leikskólans.

2016 – 2018 Hjallastefnuskóli Reykjavíkur. Almenn kennarastörf, umsjón með foreldrafundum, símaviðtöl við foreldra og stefnumótun og rekstur leikskólans.

2008 – 2016 Waldorfleikskólinn Ylur. Almenn kennarastörf, umsjón með foreldrafundum, símaviðtöl við foreldra og stefnumótun og rekstur leikskólans.

2006 – 2008 Waldorfleikskólinn Sólstafir. Almenn fóstrustörf, umsjón með foreldrafundum, símaviðtöl við foreldra og stefnumótun leikskólans.52

2004-2005 Filmus Framleiðsla. Almenn skrifstofustörf. Það sem ég gerði m.a. var að taka á móti viðskiptavinum, undirbúa fundi, svara spurningum viðskiptavina og aðstoða við framleiðslu á þeim verkefnum sem voru í gangi á hverjum tíma

2000 – 2004 IMG/Gallup Móttökustjóri/Fjölmiðlavaktin Almenn skrifstofustörf. Flokkun gagna og skýrslugerð

10 Starfsmannakönnun, starfsmannasamtöl

Skipulögð eru tvö starfsmannasamtöl á ári. Samtölin hafa hingað til verið óformleg. Í ár verða þau formlegri en áður.

Varðandi líðan í samstarfi þá hefur sá þáttur verið fastur liður á fimmtudagsfundunum. Við ákváðum það í sameiningu þar sem við erum fáar og vinnum náið saman. Við einsetjum okkur að vera einlægar með líðan okkar í samstarfinu. Leggjum áherslu á hugrekki í samskiptum, að þora að vera einlægar með líðan. Eins hlustun og virðingu. Að lokum þolinmæði og einlægan vilja til að skilja hvor aðra og leysa úr ágreiningi sé einhver slíkur.

Alltaf er hægt að biðja um auka samtal og er það brýnt fyrir starfsfólki. Okkur er afar umhugað um að vinnugleði og ánægja ríki í starfi hér og sé það ekki til staðar þurfi að ræða saman um ástæðurnar.

11 Þróunar- og nýbreytnistarf á næsta ári

Síðustu tvö árin ákváðum við að leggja áherslu á að styrkja innviði leikskólans og var því áherslan á þróun leikskólans fremur en nýbreytni. Í raun er það áfram markmið okkar, þó með aðeins öðruvísi áherslum. Eins og komið hefur fram í **5 Matslistar - umbótaáætlun,** verður aðaláherslan okkar í ár lögð á heimasíðuna og að viðhalda ánægju í starfi hér á Yl. Sjálft leikskólalífið er í góðum gír. Okkar innra starf tekur venjulega litlum breytingum frá ári til árs þar sem áherslan er á hrynjanda, fasta punkta í tilverunni sem eru m.a. hátíðirnar okkar, og frjálsan leik.

Við ætlum að bíða aðeins með samstarfið við Skaftholt. Þetta verkefni verður bara geymt en ekki gleymt.

12 Skipulagsdagar, dagsetningar og dagskrá

Skipulagsdagar okkar verða sem hér segir:

Dagarnir 5. og 8. ágúst 2022. Þessa daga undirbjuggum við opnun leikskólans eftir sumarfrí. Leikefni og leikföng voru þrifin, stólar merktir og sett undir þá filtdúddar. Áklæði tekin af barnastólunum í rútunni og þvegin. Undirbúningsvinna fyrir innra starf leikskólans unnin, svo sem skipulag morgunhrings, borðaskipan, ævintýrastund o.fl. Símaskrá uppfærð ásamt annarplani, þriflistum foreldra o.fl.

Föstudaginn 30. september 2022. Þessi dagur er frídagur í stað langs vinnudags í sömu viku. Mikjálsmessuhátíðin okkar er daginn fyrir starfsdaginn og á miðvikudeginum þar á undan er langur dagur hjá starfsfólki sem vinnur að undirbúningi veislunnar fram á kvöld eftir hefðbundinn vinnudag.

Mánudaginn 14. nóvember 2022. Þessi dagur er frídagur í stað laugardagsins á undan. Þann dag vinnur allt starfsfólk langan vinnudag við jólabasar Yls og Waldorfskólans í Lækjarbotnum**. Að auki vinnur starfsfólk leikskólans tvö kvöld í október og nóvember** við að steypa kerti með foreldrum leikskólans fyrir basarinn.

Mánudaginn 2. janúar 2023. Þennan dag munum við nota til að skipuleggja innra starf leikskólans fram í tímann. Taka líka stöðuna, þurfum við að breyta einhverju í leikskólalífinu? Eins skipuleggja nýjan þrifalista, annarplan og fleira þesháttar.

Föstu- og laugardaginn 17. og 18. mars 2023. Þá eru sameiginlegir starfsdagar með Waldorfskólanum í Lækjarbotnum. Þessir dagar eru venjulega teknir undir ákveðið málefni. Námskeiðahald, leikir og samvera til að hrista hópinn saman. Í ár er ekki enn

búið að ákveða efni starfsdaganna. Mögulega munum við á Yl skrópa í ár því okkur langar að fara saman til Danmerkur á ársfund waldorfleikskóla þar. Á fundinum er alltaf námskeið o.fl. í boði. Tvær okkar lærðu þar úti og unnum líka á waldorfleikskólum þar. Aðeins á eftir að koma í ljós hvort af þessu verður, ekki er búið að ákveða dagsetingu viðburðarins.

Föstudaginn 19. maí 2023. Þessi dagur er tileinkaður skipulagi vorsins hjá okkur. Oft þarf að vinna að undirbúningi fyrir vorhátíðina en margt þarf að gera fyrir þá hátíð hjá okkur.

Laugardaginn 24. júní 2023. Við göngum við frá leikskólanum og pökkum honum niður fyrir sumarfríið. Leikefni, gardínur o.fl. er þvegið og þær endurbætur sem þarf að sinna á húsnæði framkvæmdar. Hengdar upp hillur eða annað þess háttar.

13 Endur- og símenntunaráætlun

Öryggisfulltrúinn okkar mun sækja netnámskeið fyrir öryggistrúnaðarmenn og öryggisverði á vegum Vinnueftirlitsins þann 5. - 7. desember 2022.

Saman munum við allar (vonandi) fara á ársfund waldorfleikskóla í Danmörku sem haldinn er árlega í Audonicon í Skanderborg. Námskeiðin verða í ár föstu- og laugardaginn 10. og 11. mars 2022.

Lítið fór fyrir samlestri síðasta vetur. Viljum við gera meira af þessu í vetur. Við eigum eftir að velja okkur lestrarefni. Mikilvægt er fyrir okkur að lesa alltaf eitthvað saman, þó ekki sé nema í 10 mín í senn. Lesning um uppeldisfræðina og það hvernig við vinnum og sjáum barnið er mikilvægt fyrir alla á Yl þar sem betri sýn á barnið gerir okkur að betri starfsmönnum.

Leikskólastjóri hefur hug á því að allir starfsmenn nái að sækja sér endur- og/eða símenntunar í ár. Þegar þetta er ritað er ekki enn búið að finna hvað það gæti verið,

en mikilvægt er að allir starfsmenn finni sér eitthvað við hæfi sem þá langar að fræðast betur um.

14 Fundir

Leikskólafundirnir eru einu sinni í viku, á fimmtudögum, frá kl. 15:00 - 18.

Búið að aðeins að breyta fyrirkomulagi fundanna með skólanum en á þeim er farið yfir sameiginleg mál skóla og leikskóla. Þessi fundir eru ákveðnir í byrjun annar, eina önn í einu. Í ár verða þeir einu sinni á önn og fellur þá hefðbundni leikskólafundurinn niður þann daginn. Ef upp koma málefni sem varða báða skólana sem þarf að ræða þess á milli þá skal leggja fram ósk á mánudegi eða þriðjudegi um viðtalsbil á fimmtudagsfundi. Þá er tekinn er frá tími en í mesta lagi hálftími.

Nefndarfundir eru einnig 3-4 sinnum á ári. Leikskólastjóri er í Húsanefnd (Oikos) sem sér m.a. um vinnuhelgar, umhverfismál o.fl. Eins eru tveir starfsmenn í Menningarnefndinni (Vox Cultura) og einn í öryggisráði.

Fundir með bekkjarkennara 1. bekks og kennara/umsjónaraðila yngstu bekkja grunnskólans fara fram eftir samkomulagi. Gjarnan í tengslum við samstarf milli skólahóps leikskólans og 1. bekk skólans eða hvað varðar tengsl barnanna í útiveru o.fl.

15 Rannsóknir

Leikskólinn er að taka þátt í tilviksrannsókn Noru Elisabeth Jacob sem er leikskólakennari og meistaranemi við LHÍ. Nora er skoða virkni mismunandi menntunarlíkana í ýmsum leikskólum á Íslandi, þar á meðal Waldorfleikskólum.

16 Samstarf

Áfram er fyrirhugað samstarf við þá flesta þá aðila sem getið er um í **14 Samstarf við aðra** og **15 Samstarf.** Oft græðir leikskólinn á samstarfi Waldorfskólans í Lækjarbotnum við gestakennara og aðra, t.d. í formi fyrirlestra eða annara viðburða. Oft bæði fyrir starfsfólk skólanna og foreldra. Henk-Jan sem kom til okkar á starfsmannafund í september og var með fyrirlestur fyrir foreldra á foreldrafundi mun koma til okkar aftur á vorönninni þar sem við munum halda áfram að ræða uppeldi (Sjá **13 Endur- og símenntun**). Tímasetning óákveðin enn.

Leikskólastjóri hefur einnig hug á því að efla og styrkja samstarfið við hinn waldorfleikskólann á Íslandi; Sólstafi í Reykjavík. Eitt af því sem hefur verið rætt er að

hittast og syngja saman. Skoða söngva, leiki, þulur og annað sem skólarnir búa yfir og deila þessu. Eins með ævintýrin.

17 Nemar

Við fáum reglulega umsóknir fyrir nema og verða þær skoðaðar jafnóðum og tekin afstaða í kjölfarið. Í augnablikinu erum við ekki með neinn nema.

18 Viðhald

Þónokkur þörf er á viðhaldi á húsakosti okkar. Skólastjórinn í skólanum hér hefur verið í samskiptum við Ara Sigfússon, deildarstjóra fasteigna hjá Kópavogsbæ, vegna rauða hússins sem leikskólinn er m.a. í. Eitthvað þurfti víst að laga samninginn en í þessum rituðu orðum er ekki vitað hver staðan er á honum. Á meðan erum við í banni við að gera nokkuð sjálfar hér. Ætlunin var t.d. að mála gafla hússins á vinnudögum en það var ekki leyft. En verkefnin hér eru þó næg:

Ennþá þyrfti að laga útidyrahurðina í litla kaffieldhúsinu sem hefur nú þegar lekið tvisvar. Búið að mæla raka tvisvar, nú síðast í haust, en engin mygla mælist þar engu að síður. Sem var mikill léttir. En hurðina þyrfti að laga til að varna frekari skemmdum á húsnæðinu.

Fara þyrfti betur í gegnum rafmagnið í húsinu.

Laga þarf dúkinn á gangi leikskólans og salernunum. Best væri því að skipta út dúknum á öllu þessu svæði í einum rykk. Við höfum fengið þau svör hjá Kópavogsbæ að áður en þetta sé hægt þurfi að setja upp upphengd salerni í stað þeirra sem nú eru á gólfi. Fyrr er ekki hægt að leggja nýjan dúk. Þegar búið er að vinna að samningum á milli okkar og Kópavogsbæjar þá vonandi getum við farið af stað í þetta verkefni.

Það sem við gerðum þó sjálfar ásamt foreldrum á vinnudögum var að taka anddyrið í gegn (Sjá 1 Skólastarfið).

19 Öryggismál

Hingað til hefur verið notast við sameiginlega áætlun Waldorfskólans í Lækjarbotnum og Yls sem skilgreinir áföll og útlistar viðbrögð við þeim. Þarf að uppfæra þessa áætlun og viljum við gera okkar eigin áætlun. Eins viljum við stofna til samvinnu við Kópavogsbæ og fá fagaðila þar til að sitja í áfallaráði með okkur. Er markmið okkar að vera búin að þessari vinnu í lok þessa skólaárs.

20 Lokaorð

Í ár eru 102 ár síðan fyrsti waldorfskólinn var stofnaður og hefur uppeldisstefnan vaxið jafnt og þétt. Nú er svo komið að 1182 waldorfskólar eru til staðar í 66 löndum og heldur stefnan áfram að vaxa og er mikil þörf á því.

Við teljum uppeldisfræði okkar vera mikilvægan part af skólaflóru Íslands. Tengsl við náttúruna og ræktun hafa stóran sess hér á Yl og hér er að sjálfsögðu allt rusl flokkað og einungis náttúrulegur efniviður notaður. Ekkert plast er í leikskólanum. Í uppeldisstefnu waldorfskólanna, og foreldra þeirra barna sem þar ganga, ríkir meðvitað val um að halda áreiti í formi sjónvarpsgláps og tölvuleikja eins lengi frá börnum og hægt er. Ekki eru Ipadar í leikskólanum. Mikilvægt er að muna að hæfileikar til síðar að takast á við allt sem við þurfum að læra verður að byggja á traustum grunni. Í frjálsa leiknum gefst nægur tími til félagslegra samskipta. Þau rekast líka á. Þau læra af því þar sem starfsfólkið gefur sér tíma til að hjálpa þeim að vinna saman og leysa úr ágreiningi í rólegheitum og með yfirvegun. Þetta eru tæki sem börnin þurfa að geta tileinkað sér til að verða ábyrgir fullorðnir einstaklingar í framtíðinni. Í frjálsa leiknum fá börnin einnig frelsi frá áreiti. Þeirra eigin úrvinnsla ræður ríkjum og þau eru virkir, skapandi þáttakendur í sínum eigin leik í stað þess að vera passívir viðtakendur áhrifa utan frá. Og það er ekki síst þessi krafa á barnið, að nota sjálft sig til fulls sem elur það upp. Að finna eigin afþreyingu. Því má leiðast því útfrá leiðanum kviknar á innra afli og sköpunarþrá barnsins og það er takmark uppeldisfræðinnar. Mikil samvinna, tengsl við hvort annað og náttúruna, gildi þess að þroska fegurðarskyn sitt í gengum söng og aðrar listir efla siðferðisvitund barnanna. Þau fá nægan tíma til að æfa þessa vitund, þroska hana og styrkja. Mikilvægt er að vernda börnin fyrir ótta og kvíða og í staðin leggja áherslu á umhyggju fyrir umhverfinu, heilbrigð hreinlætisgildi, tengsl og mannkærleika.

Við hér á Yl höfum mikla trú á því að waldorfsuppeldisfræðin og sú menntastefna sem kennd er í waldorfskólum hafi mikið og gott erindi út í samfélagið.

Staður og dagsetning

_____

Fyrir hönd Waldorfleikskólans Yls

Ingibjörg Ósk Sigurjónsdóttir, leikskólastjóri

_____

Fyrir hönd Foreldraráðs Waldorfleikskólans Yls

Sonja Bent

_____